

SHALDOR
skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Er matráðurinn að fara í fri?

ISS leysir málin

ISS býður upp á aðsendan mat og þjónustu tengda því



Heimasíða: www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

30. maí 2011

124. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt heimildum Samráðsins, Genesent Cellulose útgáfa - maí 2011



Góður í ensku

Eiður Smári fær misjafna dóma, þykir vélrænn en fær lof fyrir góða ensku.

fólk 30

Mannhelgisgæslan

Amnesty International hefur eitt vopn og aðeins eitt og beitir því kænlega: Kertið, ljós heimsins: upplýsingar.

í dag 15



KR áfram á toppnum

KR, ÍBV og Valur unnu góða sigra í Pepsi-deildinni.

sport 26

veðrið í dag



NORÐAUSTLÆG ÁTT í dag verður fremur hæg norðlæg átt, víða 3-8 m/s en aðeins hvassara á annesjum A-til. Léttir til S- og V-lands en stöku el N-til og súld eða skúrir austanlands. Kólnar í veðri.

VEÐUR 4

Atvinnuleysið mælist mest í Efra-Breiðholti

Tvöfaldur munur er á hlutfalli atvinnulausra í þeim hverfum Reykjavíkur þar sem atvinnuleysið er mest og þar sem það er minnst. Hlutfall atvinnulausra er 12,8 prósent í Efra-Breiðholti en sex prósent í Kringluhverfinu í pósthúsi 103.

FÉLAGSMÁL Afgerandi munur er á hlutfalli atvinnulausra milli einstakra íbúðarhverfa í Reykjavík. Það er hæst tæp þrettán prósent í Efra-Breiðholti en sex prósent í Kringluhverfinu.

Þetta kemur fram í minnisblaði Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem lagt hefur verið fyrir borgarráð. Atvinnuleysistölur í Reykjavík sýna að í mars voru 12,8 prósent íbúa í pósthúsi 111 í Breiðholti (Fell, Berg og Hólar), án vinnu. Í hverfinu búa 8.500 manns samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, svo á bak við prósentutöluna eru 1.100 manns. Má

því ætla að einn af hverjum fjórum vinnufærum íbúum hverfisins séu atvinnulausir. Til samanburðar er atvinnuleysi 9,5 prósent í Neðra-Breiðholti (Bakkar, Stekkir, Mjódd og Seljahverfi). Í mars voru 6.243 atvinnulausir í Reykjavík.

Stella Víðisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, segir skiptingu á milli þjóðfélagsþópna ekki hafa verið greinda sérstaklega í samhengi við atvinnuleysistölur úr einstökum hverfum borgarinnar. Hún segir jafnframt að aðrar upplýsingar um félagslegan vanda, til dæmis frá Barnavernd Reykjavíkur, tilvísanir úr skólum og fleira,

séu ekki endilega hærri þar sem atvinnuleysi greinist mest. „En við höfum áhyggjur af háum tölum í einstökum hverfum. Vandinn er vissulega mismikill og borgin hefur beint sértækum úrræðum að þessum hverfum.“

Stella segir aðspurð að það liggi fyrir að hlutfall útlendinga sé hátt í Breiðholti, og sérstaklega í Efra-Breiðholti, sem hugsanlega sé hluti skýringarinnar.

Áætlun Vinnuárástofnunar um fjölda á vinnuáráði sýnir að 13,5 prósent útlendinga voru án atvinnu í mars en rúm sex prósent Íslendinga.

- shá, gar



VESPA Á EGGI FÍDRILDIS Flugan er mikið notuð í landbúnaði enda lifir hún á skordýraeggjum. MYND/BUGSINTHEPICTURES.COM

Ný myndatökutækni:

Flug dvergvespu loksins myndað

TÆKNI Vísindamönnum við Wageningen-háskóla í Hollandi hefur tekist að mynda flug dvergvespu innar vespu með sérstakri tækni. Vespan er eitt minnsta skordýr jarðar, með vænghaf upp á einn millimetra. Myndirnar voru teknar á 900 sinnum meiri hraða en venjulegt sjónvarp getur sýnt, eða 22 þúsund römmum á sekúndu, segir á vefnum Science Daily.

Myndirnar sýna að flugan, sem vegur einungis einn fjórutiþúsundasta úr grammi, slær vængjum sínum 350 sinnum á sekúndu. Þessi nýja upptöktækni er talin bylta náttúrulefismyndatökum því nú er hægt að mynda ýmislegt sem hefur verið hulið manningnum vegna smæðar sinnar eða hraða.

- shá



REIÐTÚR Í GÓÐU VEÐRI

Vel viðraði til útreiðartúra í Heiðmörk í gær, eins og þessi mynd ber með sér. Útlit er fyrir áframhaldandi góðviðri vestan og suðvestanlands í dag. Suðaustanlands er aftur á móti von á smáskúrum en stöku éljum fyrir norðan og austan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Thomas Martin Seiz flytur inn í fræga villu í Vaðlaheiði á næsta ári:

Breytir húsi Jóhannesar í Bónus

FÓLK Thomas Martin Seiz, nýr eigandi Hrafnabjarga sem áður voru í eigu Jóhannesar Jónssonar, kenndis við Bónus, hyggst flytja inn í húsið á næsta ári ásamt fjölskyldu sinni.

Hrafnabjörg, sem eru í Vaðlaheiði, eru eitt af glæsilegustu einbýlishúsum landsins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostaði það 200 milljónir. „Við erum að laga innréttingar og breyta einu og öðru,“ segir Seiz í samtali við Fréttablaðið.

Salan á húsinu vakti mikla athygli og ekki minnkaði forvitnin þegar DV greindi frá því að svissneskur auðkýfingur hefði keypt

Ég er ekki að safna húsum og ég er ekki auðkýfingur.

THOMAS MARTIN SEIZ
NÝR EIGANDI HRAFNABJARGA

það. Seiz vísar því hins vegar á bug að hann sé einhver auðjófur. „Ég er ekki að safna húsum og ég er ekki auðkýfingur eins og sagt var í DV,“ Seiz leigir út tvö sumarhús á sveitabænum Nollu í Eyjafirði og á þar að auki tvö íbúðarhús í Grenivík. Annað er leigt út en hitt verður mögulega rífið til að koma fyrir nýju húsi.

- afb / sjá síðu 30



GLÆSIHÝSI Heimildir Fréttablaðsins herma að þetta hús hafi kostað Thomas Seiz um 200 milljónir króna.

Lactoghurt daily

Einstök blanda mjólkursýrugerla



Með daglegri inntöku mjólkursýrugerla getur þú stuðlað að bættri þarmflöru, jafnað ástand meltingarinnar og komið á jafnvægi.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag. Lactoghurt fæst í apótekum.

HLEÐSLA 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

ÍÞRÓTTADRYKKUR

NÝ BRAGÐ-TEGUND

NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULADI

WWW.MS.IS



Jón Þór, var Dikta nokkuð að fikta?

„Nei, Dolli var að fikta, ekki Dikta.“

Sprengja fannst rétt hjá tónleikastað Diktu í Berlín á fimmtudagskvöld þannig að flytja varð tónleikana.



FRÁ BLÖNDUÓSI Ekkert verður af uppbyggingu skemmtigarðs í kaupþúinu.

Samningi sagt upp:

Skemmtigarður verið sleginn af

BLÖNDUÓS Bæjarráð Blönduós-bæjar hefur falið bæjarstjóra að segja upp samningi við einkahlutafélagið 2 Áttir um afnot á landi til uppbyggingar á fjölskyldu- og skemmtigarði á Blönduósi.

Í frétt Húnahornsins segir að hugmyndin um að koma á fót og reka fjölskyldu- og skemmtigarð á Blönduósi hefur verið á aðalskipulagi bæjarins í mörg ár. Í byrjun árs 2005 samþykkti bæjarstjórn teikningar af garðinum og framkvæmdir hófust á landinu stuttu síðar. Engar framkvæmdir hafa verið síðustu ár.

GRÆNLAND

Mótmæla borunum

Þrjú félagar í Greenpeace klífruðu upp á olíuborarpall undan ströndum Grænlands í gær. Með því vildu þeir koma í veg fyrir að skoska olíufyrirtækið Cairn Energy hæfi djúpsjárboranir í sjónum. Þeir telja að Cairn Energy hafi ekki gripið til nægilegra varúðarráðstafana til að koma í veg fyrir mögulegan olíuleika.

SJÁVARÚTVEGUR

441 á strandveiðum

Fjöldi strandveiðileyfa er kominn í 500. Flestum leyfanna hefur verið úthlutað á svæði A 196; 108 á svæði D, 100 á svæði C og 96 á svæði D. Alls hefur 441 bátur þegar hafið veiðar.

Vangaveltur um þingrof og kosningar í sumar í Danmörku:

Staða dönsku hægriflokkanna veik

DANMÖRK Lars Lökke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hefur frest til fimmtudags til að rjúfa þing og boða til þingkosninga ef hann vill láta kjósa fyrir sumarfrí. Ekki er þó talið víst að honum hugnist það, þar sem stjórnarflokkarnir hafa ekki komið vel út úr síðustu skoðanakönnunum.

Stjórn málaumræðan í Danmörku hefur undanfarið litast af vangaveltum um hvort kosningar verði í sumar, en kjörtímabilinu lýkur í nóvember.

Minnihlutastjórn Lökke er skipuð Venstre og Íhaldsflokknum



Í ERFIÐRI STÖÐU Forsætisráðherra er ekki talinn líklegur til að rjúfa þing og boða til kosninga í sumar.

og situr í skjóli Danska þjóðarflokksins og Frjálslynda bandalagsins. Vinstriflokkarnir undir

forystu Sósíaldemókrata hafa hins vegar mælst mun sterkari í skoðanakönnunum og myndu fá ríflegan meirihluta væri kosið nú, eða 94 sæti á móti 81 hjá hægriflokkunum.

Talsmaður Sósíaldemókrata segir í samtali við Politiken að þessar tölur sýni að danska þjóðin vilji aðra stjórn.

Talskona Venstre segir að augljóst sé að stjórnarflokkurinn þurfi að koma sínum málum betur á framfæri. „Okkar tillögur eru hins vegar ábyrgar og sjá til þess að hægt sé að halda uppi velferðarkerfinu.“

Foreldrar fagna frumvarpi:

Styðja bann við áfengisáróðri

ALÞINGI Foreldrasamtök gegn áfengisauklýsingum fagna frumvarpi innanríkisráðherra og ríkisstjórnarinnar um breytingar á áfengislögum. Samtökin segja að tekið sé á útúrslýningum áfengisframleiðenda og að þau snúist um sjálfsögð réttindi barna og ungmenna til að vera laus við þann einhliða áróður sem áfengisauklýsingar séu.

Samtökin hvetja Alþingi til að samþykka frumvarpið með og sýna þannig hug sinn í verki gagnvart réttindum barna. - mmmf



VATNSBERINN Hér á höggmynd Ásmundar Sveinssonar frá árinu 1949 framvegis að standa – eins og henni var ætlað í upphafi. Til vinstri á myndinni, á gangstéttina við Bankastræti, hafa verið settar útlínur Bernhöftsbrunnns. SAMSETT MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Vatnsberinn verður fluttur í Bankastræti

Höggmyndin Vatnsberinn eftir Ásmund Sveinsson verður flutt úr Öskjuhlíð og á þann stað sem henni var upphaflega ætlaður í Bankastræti. Verkið var ekki sett upp í miðbænum á sínum tíma vegna andstöðu manna sem töldu það ljótt.

MENNING Höggmynd Ásmundar Sveinssonar, Vatnsberinn, verður flutt úr Öskjuhlíð á sunnanvert horn Bankastrætis og Lækjargötu. Borgarráð ákvað þetta á fimmtudag. Upphafleg tillaga gerði ráð fyrir að stytta yrði á miðju Austurstræti við gatnamótin að Lækjargötu.

Vatnsberanum var á sínum tíma – fyrir rúmum sextíu árum – einmitt ætlað að standa á horni Bankastrætis og Lækjargötu en vegna deilna um útlit verksins þá var því aldrei komið fyrir þar. Höggmyndin endaði loks við Öskjuhlíð árið 1967.

Flutningur Vatnsberans var ákveðinn í samráði við afkomendur Ásmundar Sveinssonar og endanleg staðsetning er sam-

kvæmt tillögu Listasafns Reykjavíkur.

„Vatnsberin átti að standa nálægt Bernhöftsbrunninum, sem var síðasti brunnurinn í Reykjavík, til minningar um vatnsberana sem settu svip sinn á gamla miðbæinn í kringum aldamótin 1900. Brunnurinn var staðsettur í bakarabrekkunni svokallaðri, nánar tiltekið á Bakarastíg sem nú er Bankastræti,“ segir í umsögn Listasafns Reykjavíkur.

gar@frettabladid.is

BERNHÖFTSBRUNNUR Táknraent verður að Vatnsberinn mun standa skammt frá vatnsbólínu Bernhöftsbrunninn sem Tönnas Daniel Bernhöft, bakarí í Bankastræti, lét grafa. Sjá mátti í brunninn meðan verið var að lagfæra gangstétt í Bankastræti. MYND/ARB.EIARSAFN



Gróf sig út úr fangelsi:

Notaði stöng af skrifstofustól

NOREGUR Albanskur fangi gróf sig út úr fangelsi í Noregi með því að nota stöng af skrifstofustól. Maðurinn stakk af aðfaranótt sunnudags en flótti hans komst ekki upp fyrir en klukkan ellefu um morguninn. Hann sat í gæsluvarðhaldi fyrir innflutning á heróíni frá Svíþjóð til Noregs á síðasta ári.

Fanginn hafði verið fjórtán daga í fangaklefanum og tókst að halda holunni leyndri fyrir fangavörðum. Holan var þrjátíu sinnum fjórutíu sentimetrar að breidd og að sögn fangelsisstjórans var fanginn mjög grannur. - mmmf

Sumarstörf í Garðabæ:

Allir sem sóttu um fá vinnu

ATVINNA Öllum ungmennum sem sóttu um sumarstarf í Garðabæ á réttum tíma hefur verið boðin vinna í átta vikur. Bæjarráð hefur einnig ákveðið að bjóða öllum vinnu sem sóttu um eftir að umsóknarfrestur rann út. Alls fá þess vegna 562 ungmenni vinnu hjá bænum í sumar.

Þeir sem fæddir eru 1994 fá vinnu í sex klukkustundir á dag en þeir sem eru eldri í sjö klukkustundir.

Unglingar á aldrinum 14 til 16 ára fá vinnu í Vinnuskóla Garðabæjar sem starfar í júní og júlí, að því er Guðfinna B. Kristjánsdóttir upplýsingastjóri greinir frá. - ibs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Rólegt í Reykjavík

Rólegt var hjá lögreglunni í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Tólf voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu og fangageymslur voru nær tómar en þar gisti einn sökum mikill ölvunar.

Forseti Alþingis segist stefna að því að halda starfsáætlun og ljúka þingi 9. júní:

Mælt fyrir smærra kvótafrumvarpinu

ALÞINGI Bæði kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar hafa verið sett á dagskrá Alþingis. Það sama gildir um kvótafrumvarp Hreyfingarinnar. Þetta varð niðurstaðan af fundi forseta Alþingis með formönnum þingflokka síðdegis í gær.

Smærra stjórnarfrumvarpið, sem kveður á um breytingar á nógildandi fiskveiðilöggjöf – hækkan veiðigjalds, strandveiðar og fleira – er fyrst á dagskránni. Mælt verður fyrir því á morgun, að því gefnu að samþykki fáið fyrir afbrigðum vegna þess að málið er það seint fram komið. Búið er við miklum umræðum um frumvarpið áður en það verður afgreitt til nefndar og því verður líklega ekki mælt fyrir hinum frumvörpunum fyrir en síðar í vikunni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggja stjórnarliðar mikla áherslu á að afgreiða smærra frumvarpið sem lög í sumar, áður en nýtt fiskveiðilög hefst í september. Stefnt er að því að koma því stærra, sem nýst um grundvallarkerfisbreytingar, í umsagnarferli fyrir sumarfrí.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segir að enn standi yfir samningaviðræður um það hvornig þinghaldinu verði hagað fram að 9. júní,



ALÞINGI Búið er við miklum umræðum um frumvörpin. Afgreiðsla þeirra gæti því tekið töluverðan tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

en þá á þingi að ljúka samkvæmt starfsáætlun. Forsætisráðherra hefur sagt að hann telji jafnvel þörf á sumarþingi ef ekki takist að afgreiða stjórnarfrumvörpin fyrir þinglok, en Ásta segir hins vegar að það sé stefna þingforseta að halda starfsáætlun. - sh

Frábær ferðafélagi

Spjaldtölvur frá 19.800.KR

Með Android færðu FRÍTT

HUAWEI 3G netpungur 12.500

• Íslenskt skjályklaborð
• Götukort af Íslandi
• Office hugbúnað og gríðalegan fjölda af frium hugbúnaði og leikjum á netinu.

Taktu þátt í framtíðinni!

2b.is



Erum á móti IKEA

Kaupþún 3 - Garðabær - S:5 800 800 - www.2b.is

Landsbankinn lækkar skuldir yfir 30 þúsund viðskiptavina

Kynntu þér nýja skuldalækkun Landsbankans. Við lækkum skuldir einstaklinga og munu yfir 30 þúsund viðskiptavinir njóta góðs af. Þetta gerum við í samræmi við þá stefnu okkar að styðja við endurreisn heimila og atvinnulífs. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

1 Við endurgreiðum
20% af vöxtun

2 Við lækkum
fasteignaskuldir

3 Við lækkum
aðrar skuldir

Þær aðgerðir sem nú eru kynntar koma til framkvæmda fyrir 1. október 2011. Skilmála og nánari upplýsingar um skuldalækkun Landsbankans má finna á heimasíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi Landsbankans.



GENGIÐ 27.05.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,42	115,98
Sterlingspund	189,59	190,51
Evra	164,22	165,14
Dönsk króna	22,023	22,151
Norsk króna	21,131	21,255
Svænsk króna	18,431	18,539
Japanskt jen	1,4234	1,4318

SDR 183,84 184,94

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,7817

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



MALTA Íbúar Möltu samþykktu um helgina að hjónaskilnaðir yrðu heimil- aðir í landinu.

Maltverjar vilja breyta lögum: Skilnaðir verða leyfðir á Möltu

MALTA, AP Íbúar Möltu samþykktu á laugardag að sett yrðu lög sem leyfðu hjónaskilnaði. Lawrence Gonzi, forsætisráðherra landsins, segir að þingið muni virða vilja þjóðarinnar og lögleiða skilnaði. Þar með verður Malta ekki lengur eina ríki Evrópu þar sem ólöglegt er fyrir hjón að skilja.

Talið er að um 52 prósent Maltverja hafi greitt atkvæði með lögleiðingunni í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Íbúar Möltu eru að mestum hluta kaþólskir og eru áhrif kaþólsku kirkjunnar á þjóðina mikil. Til að mynda eru fóstureyðingar bannaðar í landinu.

LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í laugardagsútgáfu Fréttablaðsins að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefði ávarpað aðalfund Landverndar. Það var Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sem sat fundinn.

Barack Obama heimsótti bæinn Joplin sem mannskæður skýstrókur gekk yfir:

Stappaði stálinu í heimamenn

MISSOURI, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að fólkið sem lifði af skýstrókinn í bænum Joplin í Missouri hafi sýnt heiminum hvernig eigi að sýna samstöðu. Obama var viðstaddur minningarathöfn í Joplin í gær, viku eftir að rúmlega 130 íbúar bæjarins fórust og hundruð slösuðust af völdum skýstróksins. Enn er að minnsta kosti fjörutu manna saknað, en skýstrókurinn er sá mannskæðasti í Bandaríkjunum í áratugi.

Obama sagði að bandaríska þjóðin myndi standa þétt á bak



BARACK OBAMA Forseti Bandaríkjanna stappaði stálinu í heimamenn í bænum Joplin í Missouri.

MYND/AP

við íbúa Joplin í þeirri sorg sem þeir glímdu við. „Þetta er ekki bara ykkar harmleikur. Þetta er

harmleikur allrar þjóðarinnar og það þýðir að þjóðin mun taka þátt í endurreisninni,“ sagði hann.

Forsetinn sagði ómögulegt að sjá fyrir slíkar hörmungar en hrósaði bæjarbúum fyrir að hjálpa hver öðrum og setja sjálfa sig um leið í mikla hættu. Bætti hann við að allt um kring væru hetjur sem væru tilbúnar að láta gott af sér leiða.

Rúmlega sex hundruð sjálfboðaliðar og fimmtíu hópar með hunda hafa leitað að fórnarlömbum í rústunum síðan skýstrókurinn gekk yfir.

Metta sjötíu munna á dag:

Blindar skepnur

ELDGOS Margar skepnur á bænum Kálfafelli I, rétt austan við Kirkjubæjarklaustur, urðu blindar vegna ösku úr eldgosinu í Grímsvötnum. Kom þetta fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Hátt í tuttugu lömb urðu auk þess að heimalningum vegna eldgosins þegar þau misstu eða týndu mæðrum sínum. Heimalningarnir fúlfa við öllu nema heitri mjólk sem þarf að gefa þeim fjórum til fimm sinnum á dag. Bændurnir þurfa því að metta sjötíu til níutíu munna á dag.

- mfm

Býður Evrópusinnnum allra flokka yfir í Samfylkinguna

Forsætisráðherra segir að Evrópusinnaðir jafnaðarmenn úr öllum flokkum eigi að sameinast undir einum hatti. Samfylkingin væri reiðubúin að skipta um nafn og forystu og breyta skipulagi sínu til að ná því fram.

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, segir að ekki standi á Samfylkingunni að gera breytingar á flokknum til að hann geti rúmað alla Evrópusinnaða jafnaðarmenn landsins, sem nú séu dreifðir um marga flokka.

Þetta kom fram í ávarpi hennar á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar í gær.

„Hversu lengi ætla Evrópusinnar að starfa í flokkum sem berjast leynt og ljóst gegn aðildarviðræðum?“ spurði Jóhanna. „Hversu lengi ætla stuðningsmenn aukins jöfnuðar, aukins lýðræðis, aukins arðs þjóðarinnar af auðlindum landsins og öflugra velferðarkerfis að starfa í flokkum sem leynt og ljóst berjast gegn framgangi þessara mikilvægu mála?“

Jóhanna sagði Samfylkinguna eiga að standa öllum þessum hópum opin. „Breytt skipulag, nýtt nafn, ný forysta eða annað á ekki að standa í vegi fyrir því,“ bætti hún við.

Jóhanna sagði að það væru helst almennir launþegar, lífeyrisþegar og barnafjölskyldur sem ættu að njóta aukins hagvaxtar næstu ára.

„Ofurlaunaliðið, fjárglæfmenirnir og stóreignaflítan fær ekki að soga til sín hagvöxtinn sem fram undan er ef við fáum að ráða. Það er nóg að þjóðin hafi þurft að að greiða fyrir síðasta gleðskap þessa fólks. Sú svallveisla var haldin undir lúðrablaestri frjáls-hyggjutrúboðs Sjálfstæðisflokksins. Lífskjarasóknin sem fram undan er verður hins vegar á forsendum jafnaðarstefunnar,“ sagði forsætisráðherrann.



GAGNRÝNDI STJÓRNARANDSTÖÐUNA Jóhanna sagði að af „svartagallsrausi stjórnarandstöðunnar“ mætti halda að ríkisstjórnin hefði tekið við góðu búi fyrir tveimur árum en væri á góðri leið með að koma öllu í kalda kol.

MYND/STÖÐ 2

Vonast til að stóriðja glæði efnahaginn

Jóhanna varði nokkru þúfri í að ræða stóriðjumál í ávarpi sínu. Hún sagðist reikna með að nú styttest verulega í að tilkynnt yrði um framkvæmdir í tengslum við orkufrekan iðnað á Norðurlandi, eins og Katrínú Júlíusdóttur iðnaðarráðherra hefur orðið tíðrætt um síðustu misseri.

„Ég er líka orðin mun bjartsýnni en áður um að Norðurál nái að semja við HS orku og Orkuveituna um nægilega orku til að álver þeirra í Helguvík geti orðið að veruleika með tilheyrandi framkvæmdum við Hverahlíðarvirkjun, Reykjanesvirkjun og línulagnir í tengslum við orkufrekan iðnað á Suðurnesjum,“ sagði Jóhanna.

Ef öll verkefni í orkufrekum iðnaði verði að veruleika sé útlit fyrir fjárfestingar og virkjanafarmkvæmdir fyrir 300 til 400 milljarða á næstu þremur til fimm árum og sex til sjö þúsund ársverk við uppbygginguna.

Ofurlaunaliðið, fjárglæfmenirnir og stóreignaflítan fær ekki að soga til sín hagvöxtinn sem fram undan er ef við fáum að ráða.

JÓHANNA SIGURÐARÐÓTTIR
FORSÆTISRÁÐHERRA

Jóhanna gagnrýndi útgerðarmenn harðlega í ávarpinu fyrir að hótta því að nýta ákvæði í nýgerðum kjarasamningum um að stytta þá úr þremur árum niður í eitt ef ekki verði komin niðurstaða í kvótamálin sem er þeim að skapi fyrir 22. júní. „Þetta er ótrúleg ósvífni, sem ekki er hægt að líða,“ sagði hún.

Þá gagnrýndi hún LÍÚ jafnframt fyrir harða andstöðu þess við kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar; fullyrðingar um fjöldagjaldþrot í sjávarútvegi stæðust ekki og að breytingarnar væru lykilatriði. Því væri mikilvægt að stjórnarflokkarnir næðu að sigla málinu í höfn en hins vegar væri ljóst að sjálfstæðismenn, sem hún kallaði málsvara LÍÚ, myndu gera allt sem í þeirra valdi stæði til að bregða fæti fyrir málið.

Jóhanna vék einnig að Evrópumálum og sagði fullbúinn samning um aðild Íslands að Evrópusambandinu geta legið fyrir um áramótin 2012-2013. „Allt bendir því til að við gætum lokið þessu mikilvæga máli fyrir lok þessa kjörtímabils.“

stigur@frettabladid.is

KERTI

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIDA

WWW.NT.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
veður-
fréttamaður

KÓLNANDI í dag og á morgun verður heldur svalt á norðanverðu landinu og úrkoma gæti fallið sem slyddu- eða snjóél. Á morgun má búast við vaxandi vætu eftir því sem líður á daginn og á miðvikudaginn eru horfur á rigningu eða skúrum í öllum landshlutum.

Á MORGUN 3-10 m/s Hvassara SA-til. 10

MÍÐVIKUDAGUR Hægviðri inn til landsins. 10

HEIMURINN	°C
Alicante	24°
Basel	27°
Berlín	27°
Billund	19°
Frankfurt	27°
Friedrichshafen	29°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	21°
London	16°
Mallorca	25°
New York	33°
Orlando	32°
Ósló	16°
París	24°
San Francisco	15°
Stokkholmur	17°

Vindhraði er í m/s.
Hítastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Finndu mig
á Facebook!

2KR

með OB
lyklinum



Áttu
flottan
síma!

WWW.OB.IS





Ætti að takmarka setutíma forsætisráðherra í stjórnarskrá?

Já	80,4%
Nei	19,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eru bætur til Breiðavíkur-drengja of lágar?

Segðu skoðun þína á visir.is



Sif Cosmetics hefur selt 33.512 flöskur af EGF-húðdropum á einu ári á Íslandi: Selja dropa í ellefu þjóðlöndum

HEILSA Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Sif Cosmetics hefur markaðssett EGF BIOeffect húðdropa í ellefu löndum og hefur dreifingaradila fyrir húðdropana í 42 löndum beggja vegna Atlantsála. Fyrirtækið hefur á einu ári selt yfir þrjátíu þúsund flöskur af dropunum hér á landi.

Húðdroparnir eru afurð íslenskra vísindarannsókna og nýjung á snyrtivörumarkaðnum. Þeir innihalda svokallaða frumuvaka sem hvetja náttúrulega endurnýjun húðfruma. Frumuvakarnir eru framleiddir í byggi af nýsköpunarfyrirtækinu ORF Líftækni.

Húðdroparnir hafa hlotið umfjöllun í tiskutímaritunum Elle, Cosmopolitan, Marie Claire og frönsku og þýsku útgáfunni af

Vogue, en síðastnefnda tímaritið birti lofsamlega grein um húðdropana í júníhefti sínu.

Húðdroparnir eru seldir í Bretlandi, Þýskalandi, Ítalíu, Danmörku og Hollandi, þar sem hollenska flugfélagið KLM hefur sett húðdropana í sölu í öllum flugvélum sínum. Í Frakklandi lagði lífsstílsverslunin Colette línurnar með því að vera fyrsti franskir útsöluastaðurinn, en þar seldist fyrsta sendingin af EGF-húðdropunum upp á viku, segir í fréttatilkynningu.



- shá

Hundruð hreiðra yfirgefin: Æðarvarp varð illa úti í hreti

NÁTTÚRA Æðarvarp á Norðurlandi virðist hafa orðið mjög illa úti í vorhretinu sem þar gekk yfir á dögum. Siglo.is segir frá því að allt að 60 prósent af hreiðrum í Siglufirði hafi verið yfirgefin.

Þar segir að ætla megi að fjöldi hreiðranna geti verið um 600 og hvert hafi með fjórum eggjum að meðaltali. Þá er ljóst að varp annarra fuglategunda hefur misfarist.

Fuglaáhugamenn hafa skotið máva til að hindra það að þeir útrými öllu varpi.

- shá

1. Landsmót UMFÍ 50+
24.-26. júní Hvammstanga Húnaþingi vestra
www.landsmotumfi50.is



HÆTTULEGAR AGÚRKUR Níu hafa látist í Þýskalandi og um þrjú hundruð hafa veikst eftir að hafa borðað sýktar agúrkur. MYND/AP

BioVinci D-vítamín
Vítamínið sem allir eru að tala um

Fæst í apótekum

Banvænu agúrkurnar ekki fluttar til Íslands

Níu hafa látist í Þýskalandi eftir að hafa borðað sýktar agúrkur frá Spáni. Þrjú hundruð í Þýskalandi og tugir í Danmörku og Svíþjóð hafa farið á sjúkrahús. Spænskar agúrkur hafa verið fluttar inn til Íslands en ekki að undanfögnu.

TÉKKLAND, AP Lífrænar agúrkur hafa verið afturkallaðar úr verslunum í Austurríki og í Tékklandi af ótta við útbreiðslu veiru sem hefur banað að minnsta kosti níu manns og valdið veikindum hundrða manna víðs vegar um Evrópu.

Í Þýskalandi hafa níu látist og um þrjú hundruð veikst vegna HUS-veirunnar, sem er sjaldgæft afbrigði E.coli-veirunnar. Í Svíþjóð hafa um tíu manns þurft að fara á sjúkrahús undanfarnar tvær vikur eftir að hafa ferðast til Þýskalands. Í Danmörku hafa átta manns farið á sjúkrahús með E.coli-sýkingu sem gæti tengst þessari nýju veiru. Hún hefur einnig greinst í Bretlandi og í Hollandi.

Eggert Árni Gíslason, framkvæmdastjóri Mata ehf., segir að



KJARTAN MÁR FRIÐSTEINSSON

alltaf sé eitt-hvað um að fyrirtækið flytji inn agúrkur þó svo að stærstur hluti sé íslenskur. Undanfarið hafa þær erlendu eingöngu komið frá Hollandi en það hefur þó gerst að spænskar agúrkur hafi verið fluttar til Íslands. „Íslendingar hafa flutt inn agúrkur á veturna frá Spáni en það hefur verið í mjög litlu magni,“ segir Eggert Árni og bætir við að þær hafi ekki verið lífrænar eins og þær sem sýktust á Spáni.

Kjartan Már Friðsteinsson,

framkvæmdastjóri Banana ehf., segir fyrirtækið stöku sinnum flytja inn agúrkur frá Hollandi. „Það eru eiginlega allar gúrkur íslenskar. Ef þær skyldu vera erlendar eru þær hollenskar. Það gerist stundum ef það er ekki næg uppskera hér heima og þá er það á veturna,“ segir Kjartan Már, sem telur að íslenskir agúrkuneytendur þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur.

Talsmaður Evrópusambandsins segir að rekja megi HUS-veiruna til tveggja gróðurhúsa á Spáni sem hafi nú hætt starfsemi. Verið er að rannsaka hvort veiran eigi uppruna sinn í vatninu eða jarvegnum á svæðinu. Niðurstöður úr þeim rannsóknum eru væntanlegar á allra næstu dögum.

freyr@frettabladid.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Líffræðinemi aflar upplýsinga um fuglalíf á Snæfellsnesi í sumar:

Laða ferðamenn að fuglaskoðun

NÁTTÚRA Náttúrustofa Vesturlands og Háskóla Vesturlands, með styrk frá Nýsköpunarsjóði, mun standa fyrir öflun upplýsinga um fuglalíf á Snæfellsnesi og í Döllum. Verkefnið er til að styðja við ferðaþjónustuna og laða að áhugafólk um fuglaskoðun.

Ráðinn hefur verið líffræðinemi til starfa í sumar og hófst gagnaöflun á fyrstu dögum maímánaðar þegar starfsmenn NSV og HS skoðuðu fugla á öllu svæðinu.

Samtals sást 61 fuglategund í athugunum á tveim dögum, allt frá einum fugli af hverri tegund, en fuglar af öðrum sáust í þúsundatali.

Á tegundalista Snæfellsness og Dala eru nú meðal annarra flækingsfuglarnir mandarinönd, skutulönd, landsvala og bjarthegri, fargestirnir rauðbrystingur, margæs, tildra og sanderla og sjaldgæfir varpfluglar á borð við skeiðönd, grafönd, flórgoða og haförn.

Fuglarnir skarta um þessar mundir sínum finasta varpbúningi og er þessi tími árs því kjörinn til fuglaskoðunar.

- shá



MANDARINÖND Þessi stórkostlegi flækningur er ein ástæða þess að áhugafólk um fuglaskoðun sækir á Snæfellsnesið. Haförninn er þó óumdeildur einkennisfugl svæðisins.

MYND/RÓBERT

Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fallegu umhverfi



Sjómannadagsráð og dótturfélag þess, Naustavör, eiga og reka fjölda glæsilegra þjónustu- og öryggisíbúða fyrir 60 ára og eldri í Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjavík.

Íbúðirnar eru í næsta nágrenni við Hrafnistu á hverjum stað og þangað er innangengt þangað um tengigang.

Í þessum vönduðu þjónustu- og öryggisíbúðum geta eldri borgarar búið lengur á eigin vegum í sérbyli en notið um leið þess öryggis og þeirrar fjölbreyttu þjónustu, sem Hrafnistuheimilin bjóða.



Reynir Björnsson og Dóra Magnúsdóttir eru ánægð í Boðapínginu.

Opið hús á uppstigningardag

Komdu og skoðu. Verðum með opið hús í Boðapíngi 24 í Kópavogi á uppstigningardag, 2. júní, milli kl. 13 og 17.

Lausar íbúðir

Eigum sem stendur nokkrar lausar íbúðir í Boðapíngi í Kópavogi og Hraunvangi í Hafnarfirði auk raðhúss við Naustahlein, skammt frá Hrafnistu í Hafnarfirði.

Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Hafðu samband í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendu tölvupóst til jona.karlsdottir@hrafnista.is. Skoðu málið nánar á heimasíðunni hrafnista.is.



Hraunvangur Hafnarfirði



Boðapíng Kópavogi

Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir, víða mikið útsýni
- Innangengt til fjölbreyttrar þjónustu Hrafnistuheimilanna
- Sundlaugar og heitir pottar
- Sjúkraþjálfun
- Iðjuþjálfun
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf, tómstundir og margt fleira
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Aðgangur að þjónustu hjúkrunarfræðinga
- Fjölbreyttar og þægilegar gönguleiðir
- Púttvellir
- Góð bílastæði (auk þess bílageymsla í Hafnarfirði)

Kynntu þér málið

Kynntu þér málið og skoðu sérstakan kynningarbækling sem fylgja mun Sjómannadagsblaðinu sem dreift verður til allra heimila á höfuðborgarsvæðinu nk. miðvikudag, 1. júní.

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hversu mikið fjölgaði öryrkjum milli 2009 og 2010?
- 2 Hvað er Filadelfía gömul?
- 3 Hvaða hljómsveit hefur samið leikrit?

SVÖR

1. 200. 2. 75 ára. 3. Þollapönk.

Hafrannsóknastofnun:

Töluvert magn af kolmunna

VÍSINDI Töluvert magn fannst af kolmunna á landgrunnskantinum fyrir suðvestan og sunnan land í leiðangri Hafrannsóknastofnunar sem lauk nýverið. Um ársgamlan kolmunna var að ræða.

Við Íslands-Færeyjarhygginn var þennan árgang einnig að finna en hins vegar var nánast ekkert vart við fullorðinn kolmunna í leiðangrinum. Þessar niðurstöður gætu því verið vísending um að loks sé að koma upp sæmilegum árgangur af kolmunna en allir árgangur frá og með 2005 hafa verið mjög litlir.

Leiðangurinn er hluti af sameiginlegri leit og bergmálmælingum Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Evrópusambandsins á útbreiðslusvæði kolmunna og Norsk-Íslenkri síld. - shá



BURSTAR í vél-sópa á lager

- flestar stærðir



Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ. Sími 480-0000 · www.afvelar.is

8

Karlmaður dæmdur í átján mánaða fangelsi og til greiðslu miskabóta:

Kefluðu mann og rændu hann

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í átján mánaða fangelsi, meðal annars fyrir rán og frelsisviptingu. Þá var hann dæmdur til að greiða fórnarlambinu 450 þúsund krónur í miskabætur.

Ofbeldismaðurinn neyddi fórnarlambið, í félagi við tvo aðra menn, með ofbeldi til að millifæra 110 þúsund krónur yfir á reikning eins þeirra. Að auki söfnuðu ránsmennirnir verðmætum í íbúðinni, þar á meðal 80 þúsund krónum í peningum. Mál þess sem nú var



BUNDNAR HENDUR Ofbeldismennirnir bundu hendur fórnarlambins. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

dæmdur var skilið frá málum hinna tveggja og dæmt sérstaklega.

Premeningarnir sviptu manninn frelsi á heimili hans við Hring-

braut í Reykjavík í desember 2009. Þeir beittu hann ofbeldi í því skyni að ná frá honum verðmætum, slógu hann í andlit, tóku hann hálstaki, fjötruðu hendur hans og tróðu tusku upp í munn hans og kefluðu hann.

Sá sem nú var dæmdur játaði sök fyrir dómi. Hann var jafnframt fundinn sekur um að hafa tekið bíl í heimildarleysi og sett á hann skráningarmarki, sem hann stal af öðrum bíl.

Maðurinn á langan sakaferil og hefur meðal annars hlotið fimmtán refsisdóma.

- jss

Áfengisvandi vex á Bretlandi:

Milljón drekkur sig í rúmið á ári

ENGLAND Sjúkrahúsinnlagirnir í Englandi vegna áfengisneyslu eru nú komnar í meira en milljón á ári í fyrsta sinn. Sjúklingum sem leita lækns vegna áfengis hefur fjölgað um 12 prósent á milli ára og eru nær tveir þriðju þeirra karlmenn. Fréttastofa BBC greinir frá þessu. Sjúkdómar tengdir áfengisneyslu eru meðal annars lifrabílun, krabbamein, geðröskun og sömuleiðis slys og óhöpp.

Í ljósi stöðunnar vilja heilbrigðisyfirvöld koma á fót bættri forvarnastefnu síðar á árinu. - sv

Óæskileg hegðun nemenda er helmingi minni en áður

Jákvæð samskipti kennara og nemenda á Reykjanesi hafa aukist til muna eftir innleiðingu svokallaðs PBS-kerfis. Þetta eru niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar, þeirrar fyrstu sinnar tegundar hér á landi.

MENNTAMÁL Jákvæð samskipti kennara og nemenda í þremur skólum í Reykjanesbæ; Njarðvíkurskóla, Myllubakkaskóla og Holtaskóla, hafa aukist til muna. Óæskileg hegðun nemenda hefur snarminnkað. Þetta eru niðurstöður nýrrar umfangsmikillar rannsóknar á innleiðingu PBS (Positive Behavior Support) í skólana þrjá og árangur sem af því hlaut.

Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar sem gerð hefur verið á Íslandi og ein sú umfangsmesta í Evrópu. Kolbrún Ingibjörg Jónsdóttir gerði meistara-ritgerð sína um rannsóknina og segir hún fyrstu niðurstöður benda til þess að áhrifa PBS-kerfisins sé strax farið að gæta í jákvæðri athygli starfsfólks, umbun fyrir góða hegðun og virku eftirliti.

PBS er hannað til þess að styrkja æskilega hegðun starfsfólks og nemenda til þess að fyrirbyggja og draga úr erfiðri hegðun. Innleiðing kerfisins tekur um þrjú til fimm ár og það er yfirleitt ekki fyrr en í fyrsta lagi á öðru framkvæmdarári sem farið er yfir notkun starfsfólks á aðferðum til að breyta hegðun nemenda.

Í niðurstöðunum kom meðal annars fram að óæskileg hegðun nemenda á yngsta stigi í kennslustofum skólanna þriggja hefði minnkað um helming síðan PBS var innleitt. Jákvæð athygli starfsfólks hefur þá aukist til muna og



SKÓLABÖRN Hegðun barna á öllum skólastigum var mæld í rannsókninni og voru marktækar breytingar á hegðun á öllum stigum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hegðun í skólunum skráð í fjögur ár

Tilgangur rannsóknarinnar var að meta árangur PBS-kerfisins með svokölluðum beinum áhorfsmælingum. Það felur í sér að hegðun er metin og skráð eftir ákveðnum skilgreiningum og samræmi milli skráningarmanna er metið reglulega. Kolbrún segir sambærilega rannsókn ekki hafa verið gerða og jafnmiklum gögnum um hegðun nemenda og starfsfólks hefur ekki verið safnað, hvorki á Íslandi né annars staðar í heiminum svo vitað sé til.

Búið er að safna gögnum hverja önn síðan um haustið 2007, þrjár vikur í senn. Mælt var á öllum svæðum skólanna, stigum, göngum, matsal, útsvæðum og kennslustofu. Tilviljun réð því með hverjum var fylgst en dregið var í bekk og hegðun mæld í þeim öllum.

Öll aldersstig voru mæld. Yngsta stig er frá 1. til 3. bekkjar, miðstig frá 4. til 7. bekkjar og elsta stig frá 8. til 10. bekkjar.

„Þetta er þvert á það sem maður hefði haldið að hrunið hefði haft áhrif á. Þá hefur dregið stórkostlega úr agavandamálum síðan við hófum innleiðingu kerfisins.“

GYLFI JÓN GYLFASON
YFIRSÁLFRÆÐINGUR

hefur hlutfallið nær þrefaldast. Óviðeigandi hunsun starfsfólks hefur einnig minnkað um helming.

Gylfi Jón Gylfason, yfirsálfræðingur hjá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, fékk hugmyndina að rannsókninni ásamt Zuilmu Gabrielu Sigurðardóttur. Tildrög rannsóknarinnar var mastersritgerð Ragnheiðar Sifjar Gunnarsdóttur, sem sá um verkefnið fyrstu árin og safnaði gögnum áður en innleiðing PBS hófst. Rannsóknin er unnin í samstarfi Reykjanesbæjar og Háskóla Íslands.

Gylfi Jón segir einar merkilegustu niðurstöðurnar vera þær að á sama tíma og hér gangi yfir efna-hagshrun og atvinnuleysi, þar sem Reykjanesbær varð hvað verst úti, séu kennarahóparnir almennt jákvæðari í dag en fyrir hrún.

„Þetta er þvert á það sem maður hefði haldið að hrunið hefði haft áhrif á. Þá hefur dregið stórkostlega úr agavandamálum síðan við hófum innleiðingu kerfisins,“ segir Gylfi Jón. „Svona hugarfar ætti að vera öðrum til fyrirmyndar.“

sunna@frettabladid.is

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérbláða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429,
gsm 6154349
ivarorn@365.isSigríður Dagný
S: 5125462,
gsm 8233344
sigridurdagny@365.isSigríður Hallgríms
S: 5125432,
gsm 6924700
sigridurh@365.is10
ÁRA
2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ

Stöð 2 fagnaði aldarfjórðungsafræmli í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum:

20 þúsund sóttu afmælishátíð

FÓLK Um tuttugu þúsund manns komu til afmælishátíðar Stöðvar 2 í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á laugardag. Áskrifendum í Stöð 2 Vild var boðið til hátíðarinnar, en stöðin fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir.

Boðið var upp á fjölbreytt skemmtiatriði á afmælishátíðinni, fyrir börn á öllum aldri. Meðal þeirra sem komu fram voru Íþróttarálfurinn, Solla Stírða og Glanni Glæpur úr Latabæ, félagarnir Sveppi og Villi og vin-konurnar Skoppa og Skríttla sem glöddu yngstu gestina. Söngkonan Jóhanna Guðrún tók lagið auk þess sem Steindi jr. og Ásgeir stígu á stökk, sem og Friðrik Dór, Jón Jónsson og Helgi Björnsson.

Þegar hungrið sagði til sín gátu allir fengið sér pylsu og svaladrykk.

- mmf



LÍF OG FJÖR Áskrifendur Stöðvar 2 Vildar gerðu sér glaðan dag ásamt fjölskyldum sínum á laugardag.



Framkvæmdalán

5,5% óverðtryggðir vextir* og engin lántökugjöld

Framkvæmdalán er hagkvæm leið til endurbóta. Lánið er óverðtryggt skuldabréfalán með breytilegum kjörvöxtum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Það býðst einstaklingum með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

Kynntu þér framkvæmdalánin á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 01.05.2011



Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2012

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti og allt að 300.000 kr. skattafrádrátt vegna framkvæmda. Allt um það á www.allirvinna.is.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
 Sími 440 4000

Íslandsbanki

Hefur tvívegis verið dæmdur fyrir líkamsárásir á stuttu tímabili:

Davíð Smári ákærður fyrir árás

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært Davíð Smára Helenarson fyrir hrottafengna líkamsárás á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll.

Davíð Smári, sem tvívegis áður hefur hlotið dóm fyrir samtals fjórar líkamsárásir, er í ákæru sagður hafa ráðist á manninn í apríl í fyrra ásamt hópi manna. Þeir hafi slegið hann hnefahögg í höfuð og líkama en Davíð hafi þar að auki ítrekað sparkað í höfuð hans og líkama og slegið hann í höfuðið með glerflösku.

Annar maður er ákærður fyrir

Lofaði bót og betrun í sjónvarpsviðtali

Davíð Smári komst í fréttir sumarið 2007 þegar hann hafði ráðist á dómara í utandeildarleik í fótbolta og tuskað skemmtikraftinn Sveppa til í miðbænum. Þá bað hann dómarmann afsökunar í sjónvarpsviðtali og sagðist þurfa að gera eitthvað í sínum málum. Síðar gerðist hann sekur um fleiri líkamsárásir. Hann hlaut sjö mánaða fangelsisdóm í desember 2008 fyrir tvær árásir og annan hálfis árs dóm í mars í fyrra fyrir tvær árásir til viðbótar.

árásina ásamt Davíð, en hinir úr hópnum eru óþekktir. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku en báðir ákærðu neituðu sök.

Polandi árásarinnar marðist og skarst illa og brotnaði auk þess í andliti. Hann krefst tæplega 830 þúsund króna í skaða- og miskabætur.



GEGN KJARNORKU Liðsmenn Greenpeace hafa sett mótmælaborða gegn kjarnorkuverum á Brandenborgarhlíði í Berlín. NORDICPHOTOS/AFP



HÁSKÓLI UNGA FÓLKSINS Námsframboðið er mjög fjölbreytt og hægt að læra margar mismunandi greinar.

Verður um allt land í sumar:

Háskóli unga fólksins af stað

MENNTUN Óvenju fjölbreytt starfsemi verður í Háskóla unga fólksins, sem verður haldinn 6. til 10. júní næstkomandi, vegna 100 ára afmælis Háskóla Íslands. Búið er að opna fyrir umsóknir.

Háskóli unga fólksins stendur börnum í sjötta til tíunda bekk til boða og nemendurnir raða sjálfir saman stundatöflu og ákveða hvaða námskeið þeir vilja sækja. Framhaldsnemar og kennarar við HÍ hafa umsjón með námskeiðunum.

Í tilefni af aldarafmæli HÍ var ákveðið að fara með Háskóla unga fólksins víðar um landið en áður. Skólinn hefur því slegist í för með Háskólalestinni og heldur námskeið á níu stöðum um landið í sumar. Um helgina var skólinn til að mynda á Húsavík.

- þeb

ALÞINGI

Vilja funda um bankaskýrslu

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd Alþingis hafa óskað eftir fundi í nefndinni til að ræða skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn bankakerfisins frá því í mars. Þá óska þeir eftir því að formaður nefndarinnar hlutist til um að fjármálaráðherra mæti á fundinn.

Mladic neitar aðild að ódæðinu í Srebrenica

Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmaður herliðs Bosníu-Serba, segist vera saklaus af ákæru um fjöldamorð í bænum Srebrenica. Hann verður líklega framseldur til stríðsglæpadómstólsins í Haag í dag. Einn stríðsglæpamaður er enn ófundinn.

SERBÍA, AP Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmaður herliðs Bosníu-Serba, segist vera saklaus af ákæru um fjöldamorð á átta þúsund mönnum og drengjum í bænum Srebrenica í Bosníustríðinu árin 1992 til 1995. Þessu hélt sonur hans, Darko Mladic, fram í gær. Þjóðarmorðin í Srebrenica eru þau verstu í Evrópu síðan í seinni heimsstyrjöldinni.

„Hvað sem gert var í Srebrenica þá kom hann hvernig nærri því,“ sagði Darko Mladic um föður sinn. „Hann bjargaði mjög mörgum konum, börnum og hermönnum. Hann fyrirskipaði að farið yrði með þá særðu í burtu, konurnar og börnin líka og síðan hermennina. Ef eitthvað var gert án hans vitneskju kom hann hvernig nálægt því.“

Auk fjöldamorðanna var fjöldu kvenna sem ekki voru frá Serbíu nauðgað. Líkum hundruða fórnarlamba var kastað ofan í ána Drina á meðan öðrum líkum var komið fyrir í fjöldagröfum í kringum Srebrenica.

Mladic hafði verið á flótta í sextán ár, eða síðan hann var ákærður af stríðsglæpadómstólnum í Haag fyrir þjóðarmorð árið 1995. Hann er nú í fangelsi í Serbíu eftir að hann var handtekinn á fimmtudag í bænum Lazareva við hefðbundna leit lögreglunnar í fjórum íbúðarhúsum.

Að sögn Darko Mladic og fjölskyldu hans er faðir hans, sem er 69 ára, heilsuveill og á frekar heima á sjúkrahúsi en í fangelsi. Engu að síður er talið líklegt að hann verði framseldur til stríðsglæpadómstólsins í dag. Hægri-



MÓTMÆLI Hægriöfgamenn í Serbíu mótmæla handtöku Ratko Mladic, fyrrverandi yfirmanns herliðs Bosníu-Serba. MYND/AP

öfgamenn hvöttu stuðningsmenn sína til að mótmæla handtökunni í borginni Belgrad í Serbíu í gær, enda er Mladic álitinn hetja af sumu fólki í Serbíu.

Enn á eftir að finna einn ákærðan stríðsglæpamann sem hefur verið á flótta síðan Bosníustríðinu lauk, en það er Goran Hadzic, fyrrverandi uppreisnarleiðtogi Króatíu-Serba. Fyrrverandi saksóknari Sameinuðu þjóðanna, Carla Del Ponte, telur að hann sé búsettur í Serbíu og að mikil áhersla verði nú lögð á að finna hann eftir að Mladic var handsamaður.

freyr@frettabladid.is

RATKO MLADIC Myndin var tekin 15. febrúar 1994. Ári síðar var Mladic ákærður fyrir þjóðarmorð. Hann var á flótta í sextán ár. NORDICPHOTOS/AFP



87 prósent sögðu já:

Framsýn samþykkti samning

KJARAMÁL Félagsmenn stéttarfélagssins Framsýnar hafa samþykkt kjarasamning við Samtök atvinnulífsins með 87 prósentum atkvæða. Alls voru 830 á kjörskrá en 146 kusu, eða tæplega átján prósent félagsmanna.

Kjarasamningurinn hefur því tekið gildi, en hann gildir fyrir almennan vinnumarkað. Samkvæmt honum munu taxtar hækka um tólf þúsund krónur og launafólk fær 50 þúsund króna eingreiðslu um næstu mánaðamót.

- þeb

Hasssmýglari dæmdur:

Kom með hassið í sokkunum

DÓMSMÁL Erlendur karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að reyna að smygla til landsins nær 500 grómmum af hassi.

Maðurinn, sem er rúmlega þrítugur, kom með flugi frá Kaupmannahöfn 25. maí síðastliðinn. Hassið hafði hann falíð í fimm pakkningum. Hann hafði eina pakkningu í hvorum sokk og þrjár pakkningar um mitti sér.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi. Frá fangelsisrefsingu hans dregst sá tími sem hann hefur setið í gæsluvarðhaldi.

- jss

Ákærður fyrir líkamsárás:

Sló með glasi og skar á höfði

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Maðurinn er sakaður um að hafa slegið annan í höfuðið með glerglasi, sem brotnaði með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut þrjá skurði á höfði og andliti, sem sauma þurfti.

Atvikið átti sér stað aðfaranótt miðvikudagsins 12. janúar 2011 á skemmtistaðnum Ránni í Reykjanesbæ. Maðurinn sem fyrir árásinu varð krefst rúmlega 200 þúsunda króna í skaðabætur.

- jss

LÖGREGLUFRÉTTIR

Braust inn og stal bíl

Ungur próflaus ökumaður braust inn á verkstæði á Sauðárkróki á laugardagsmorgun og stal lykilmál að jeppa. Hann ók suður Sauðárkróksbrautina en missti stjórn á bílnum, sem fór út af við Geitagerði. Ökumaðurinn var fluttur til Akureyrar en var ekki alvarlega slasaður. Jeppinn er ónýtur.

Greinargerð vegna rýnifunda Íslands og Evrópusambandsins um samgöngunet:

Aðild gæti auðveldað fjármögnun

EVROPUMÁL Aðild Íslands að Evrópusambandinu myndi veita Íslandi þátttökurétt í hinni svokölluðu TEN-E áætlun, að því er fram kemur í greinargerð vegna rýnifundar um samgöngunet í aðildarviðræðum Íslands og ESB.

Þátttaka að TEN-E býður upp á að tenging íslenska raforkukerfisins við raforkumarkað ESB verði fjármögnuð að hluta í gegnum TEN-E, en hugsanlega einnig verkefni innanlands.

TEN-E stendur fyrir Trans-European Energy Networks og er samevrópskt orkunetkerfi. TEN-E og stefnumótun um slík kerfi hafa hvorki verið tekin upp í EES né innleidd á Íslandi.

Í greinargerðinni er reifað að þetta samgöngunet miði að uppbyggingu og þróun samevrópskra kerfa til að efla efnahagslega, félagslega og svæðisbundna

sambeldni og virkni innri markaðarins. Sérstök áhersla er lögð á að tengja eyjar, landlukt svæði og jafnarsvæði ESB.

Alls eru til ráðstöfunar 22 milljónir á ári í TEN-E, sem fara að mestu til hagkvæmnisathuganir.

Fjárhagslegur stuðningur TEN-E getur aldrei orðið meira en brotabrot af heildarkostnaði. Fjárfestingarbanki Evrópu lánar hins vegar fyrir allt að helmingi kostnaðar við TEN-E verkefni og Fjárfestingarsjóður Evrópu veitir að auki lánaábyrgðir, segir í greinargerðinni, sem nálgast má á vef utanríkisráðuneytisins.

- kóp

RAFNET Ekki verður séð að aðild að ESB hefði önnur áhrif á það sem varðar samningskaflann um evrópsk samgöngunet en að Ísland gæti tekið þátt í TEN-E.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BÍTIÐ

MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AD HLUSTAI





LEGSTEINAR MINNISVARÐAR BORÐPLÖTUR ALLT ÚR NÁTTÚRUSTEIN



SÓLSTEINAR

KÁRSNESBRAUT 98
SENDUM FRÍTT UM LAND ALLT
www.solsteinar.is



Í SPEGLI ÓLAFS EGILSSONAR Þarna sést ein kona horfa í margbrottinn spegil, listaverk eftir Ólaf Egilsson, á sýningu í Hong Kong. NORDICPHOTOS/AFP

Þjófur greiði skaðabætur: Kona stal bensíni á stolinn bíl

DÓMSMÁL Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir þjófnað.

Konunni er gefið að sök að hafa farið inn í íþróttahús Fram við Safamýri í Reykjavík og stolið þaðan jakka, tösku og farsíma ásamt lyklum að bifreið.

Eftir þetta tók hún umræddan bíl traustataki og ók honum um höfuðborgarsvæðið uns lögregla stöðvaði aksturinn. Í millitíðinni hafði konan komið við á bensínafgreiðslustöð Olís við Háaleitisbraut, dælt eldsneyti á stolna bílinn fyrir rúmlega 3.000 krónur og stungið af án þess að borga. Hún er krafín um greiðslu skaðabæta upp á rúmlega 100 þúsund krónur.

- jss



REYÐARFJÖRÐUR Tilkoma álvers hafði mikil áhrif á byggingu íbúðarhúsnæðis á Austurlandi.

Vilja félag um óseldar íbúðir: Íbúðir skili arði og efli samfélag

AUSTURLAND Bæjarráð Fljótsdals-héraðs vill að íbúðalánasjóður ræði við aðila á Austurlandi um stofnun eignarhaldsfélags utan um íbúðir sem sjóðurinn á þar í fjórðungnum og seljast ekki. „Markmið félagsins verði að bæta nýtingu íbúðanna, þannig að þær skili eigendum sínum arði og efli um leið nærliggjandi samfélag,“ segir bæjarráðið, sem þar með tekur undir með tveimur einstaklingum sem komu hugmyndinni á framfæri við bæjarfyrirvöld.

Íbúðalánasjóður á nú um 180 íbúðir í Fljótsdalsheraði, Fjarðabyggð, Seyðisfirði og Höfn, þar af standa um 120 íbúðir tómur. Sjóðurinn hefur viljað fara sér hægt að fasteignamarkaðinum eystra.

- gar

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kannabisræktun stöðvuð

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í íbúð í Kópavogi í síðustu viku. Við húslit var lagt hald á þrjátíu kannabisplöntur og ýmsan búnað. Húsráðandi, karlmaður á þrítugsaldri, játaði sök.

DÓMSMÁL

Fíkniefnasali ákærður

Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir ítrekaða vörslu fíkniefna Hann var í fyrra skiptið tekinn með kannabisefni og í hið síðara með umtalsvert magn af sama efni svo og amfetamín í sölupakkningum.

Gengisfelling og stýrivextir mikilvæg hagstjórnartæki segir heiðursprófessor: Segir evruna ekki henta Írum

EVROPUMÁL Evran hentar ekki Írum enda er einungis þriðjungur viðskipta Íra við lönd innan evrusvæðisins, segir dr. Anthony Coughlan, heiðursprófessor við Trinity College í Dyflinni.

Coughlan er efasemdarmaður um Evrópusambandið og segir mikilvægt fyrir hvert ríki að hafa eigin gjaldmiðil, til dæmis svo fella megi gengið þegar gefi á bátinn. Evrusvæðið sem slíkt sé ekki hagkvæmt myntsvæði heldur sé evran pólitískt verkefni sem byggir á grunninn á vilja Þjóðverja og Frakka til að halda friðinn.



SLYS Anthony Coughlan segir þáttöku Íra í evrusamstarfinu hafa verið stórslys.

„Engin myntbandalög hafa staðist tímasinn,“ sagði hann á opnum fundi Alþjóðamálastofnunar HÍ og Heimssýnar, sem eru

samtök andstæðinga ESB-aíldrar Íslands. Hann rifjaði upp að á tíunda áratugnum, fyrir tíð evrunnar, hefði hagvöxtur verið mikill í Írlandi og góðæri. Þegar lágvaxta evran hafi verið tekin upp hafi efnahagslífið hitnað enn, sem sjálfstæður Seðlabanki Írlands hefði getað kælt með stýrivöxtum.

Í fyrirspurnum var Coughlan spurður um kannanir sem sýna að 80 prósent Íra eru hlynntir evru og hvað hann legði til. Sjálfur sér hann fyrir sér áframhaldandi friverslun í Evrópu en líklegt sé að upp úr evrusamstarfinu slitni. -kóp

Ungmennni ánægð með íslenska skóla

Um 90 prósent íslenskra ungmenna telja háskóla hér á landi góðan kost, samkvæmt nýrri könnun ESB. Flestir stunda háskólanám til þess að fá hærri laun og fjölga atvinnutækifærum. Kemur ekki á óvart, segir menntamálaráðherra.

FRÉTTASKÝRING

Hver er afstaða ungmenna í Evrópu til háskólanáms í sínu heimalandi?

Nær öll íslensk ungmenni, eða 90 prósent, telja að háskólanám hér á landi sé góður kostur. Af ungmennum í 31 Evrópulandi er hlutfallið einungis hærra hjá þeim dönsku sem telja að háskólanám þar í landi sé aðlaðandi kostur, eða 91 prósent. Þetta kemur fram í nýrri könnun, Flash Eurobarometer on Youth, sem gerð var fyrir Evrópusambandið (ESB) í janúar síðastliðnum.

Hlutfallið var lægst á Ítalíu og Litháen, en um 57 prósent ungs fólks í þessum löndum telja háskólana þar góða. ESB-meðaltalið var 76 prósent.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir niðurstöðurnar ekki koma á óvart.

„Þetta er í takti við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi á viðhorfi íslenskra ungmenna til skólastarfs almennt,“ segir Katrín. „Þessi rannsókn staðfestir þær vísendingar að Íslendingar treysti skólakerfinu.“


Flestir sögðust sækja háskólanám til þess að fá betri atvinnutækifæri eða fá hærri laun eða vegna þess að þeir hefðu mikinn áhuga á ákveðnu efni.

„Íslensk ungmenni eru mjög meðvituð um laun,“ segir Katrín. „Þau hafa til að mynda meiri áhyggjur af því að hafa lág laun í framtíðinni heldur en nágrannaþjóðirnar.“

Afar fáir sögðust stunda háskólanám til þess að bæta stöðu sína á vinnumarkaði með því að fara upp um hæfnisþrep. Þar var hlutfallið lægst meðal Íslendinga og Norðmanna. Afar hátt hlutfall þýskra ungmenna segist sækja

Viðhorf til háskóla

Hlutfall ungs fólks sem telur háskóla í sínu heimalandi góðan kost



Heimild: Flash Eurobarometer on Youth - ESB



Þessi rannsókn staðfestir þær vísendingar að Íslendingar treysti skólakerfinu.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐHERRA

háskóla til þess að auka hæfni sína á vinnumarkaðnum.

Katrín segir umræðuna um hæfnisþrepin ekki hafa verið ríkjandi hér á landi, hvorki á vinnumarkaði né meðal launþega. Það gæti meðal annars skýrst af góðu atvinnuástandi hér á landi lengst af.

Þá voru einnig afar fáir sem sögðust leggja stund á háskólanám til að auka tækifæri sín til þess að stofna eigið fyrirtæki. Þar voru Norðurlöndin fimm með lægst hlutfall en hæst var það í Rúmeníu.

Katrín segir þetta sennilega skýrast af því að hér á landi, sem og á Norðurlöndunum, geti verið meiri áhersla á önnur atvinnutækifæri heldur en að beina fólki í þá átt að skapa þau sjálf.

„Þetta gæti vissulega verið vísending fyrir atvinnulífið í landinu,“ segir mennta- og menningarmálaráðherra. sunna@frettabladid.is

- jss



HJÓLAÐ Í VINNUNA Fólki á öllum aldri hefur tekið þátt í gegnum árin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Átakið Hjólað í vinnuna: Hjóluðu 831.000 kílómetra í átaki

UMHVERFISMÁL Mun fleiri tóku þátt í átakinu Hjólað í vinnuna nú en í fyrra. Rúmlega ellefu þúsund manns tóku þátt frá 694 vinnustöðum í 1.628 liðum sem skráð voru til leiks.

Alls lagði þessi stóri hópur tæplega 831 þúsund kílómetra að baki og er áætlað að þannig hafi sparast 150 tonn af koltvísýringi útblæstri og fimmtán milljónir í eldsneytis-kaup og 28 milljón kaloríur hafi verið brenndar í leiðinni.

Ferðamatinn var í sjö af hverjum tíu tilfella á hjóli á móti þeim sem kusu að ganga.

- shá

Ársreikningur í Sandgerðisbæ: Skuldsetning 5,5 milljarðar

SANDGERÐI Skuldir og skuldbindingar Sandgerðisbæjar eru samtals 5.415 milljónir króna að meðtöldum leiguskuldbindingum, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Segir einnig að skuldsetning sveitarfélagsins sé mikil og vinna þurfi frekar að hagræðingu í rekstri og öðru.

Í ársreikningnum bæjarins fyrir síðasta ár kemur þó fram að rekstrarniðurstaða bæjarins sé skárr en áætlað var. Útsvars-tekjur eru þó um fimm prósentum minni en gert var ráð fyrir og segir í tilkynningunni að það skýrist af fækkun íbúa og lækkandi tekjum.

- þj

Bann við innflutningi selaafurða bitnar á fjölskyldum veiðimanna á Grænlandi:

Skorað á ESB að endurskoða sölubann afurða

UMHVERFISMÁL Vestnorræna ráðið skorar á Evrópusambandið að endurskoða bann sitt við innflutningi selaafurða til sambandsins. Bannið hefur nú þegar haft alvarlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir fjölskyldur veiðimanna og smærri byggðir veiðimanna á Grænlandi.

Þetta kom fram á þriðja sameiginlega fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins og þingnefndar Evrópuþingsins sem haldinn var nýlega í Nuuk á Grænlandi.

Nefndirnar funda árlega til að ræða sameiginleg hagsmunamál en Ólína Þorvarðardóttir er forseti Vestnorræna ráðsins. „Ég stóðst ekki mátið að minna á tvískinnunginn í þessu máli öllu,“ segir Ólína.

„Við vitum að búpeningur sætir sums staðar afar illri meðferð í Evrópu. Við þekkjum hörmulegar frásagnir og fréttamyndir af meðferð dýra í verksmiðjubúum víða í álfunni. Það er því hálf ömurlegt að almenningur sem neytir þessara afurða með bestu lyst skuli snúast gegn sjálfbærri nýtingu fámennra veiðisamfélaga á lifandi auðlindum á borð við sel og hval.“

Evrópuþingnefndin upplýsti að banninu væri fyrst og fremst ætlað að vinna gegn ákveðnum veiðiaðferðum í Kanada og ekki hefði verið ætlunin að stuðla að söluhruni á grænenskum seliskinum.

Nefndin lýsti yfir vilja til þess að taka málið upp á vettvangi Evrópuþingsins á næstunni.

- shá



SELVEIÐAR VIÐ KANADA Bann ESB við innflutningi beinist gegn veiðiaðferðum Kanadamanna.

NORDICPHOTOS/AFP

HUGAÐU AÐ

FRAMTÍÐINNI

Það eru áhugaverð störf í boði.

Á Íslandi útskrifast hlutfallslega færri með tæknimenntun en í mörgum samkeppnislöndum okkar. Á sama tíma vantar sárlega tæknimenntað fólk til að uppfylla þarfir atvinnulífsins og styðja þannig við uppbyggingu hagkerfisins. Skráning í tæknigreinar í háskólum hefur aukist en engan veginn nægilega.

Undirrituð vilja eindregið hvetja ungt fólk til að fjárfesta í framtíð sinni með frekari menntun, en huga sérstaklega að áhugaverðum tækifærum sem menntun í verkfræði, tölvunarfræði, kerfisfræði, tæknifræði, iðnfræði og öðrum tæknigreinum býður upp á.

Með ósk um bjarta framtíð,


Vívörð Einarsson


Jón Einarsson


Hilmar Dagur Pétursson


Gunnar Þorsteinsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Einarsson


Párra Helga Björnsdóttir


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Einarsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Jón Jónsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Einarsson


Einarsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson



Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson


Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Tímamót hjá Amnesty International:

Fimmtíu árangursrík ár

Hálfrar aldar afmæli mannréttindasamtakanna Amnesty International var fagnað um helgina. Upphaf þessara merku samtaka má rekja til greinar eftir breska lögfræðinginn Peter Benenson í breska blaðinu Observer undir nafninu Gleymdu fangarnir. Þar hvatti hann fólk til að taka þátt í herferð með það að markmiði að leysa úr haldi samviskufanga, hugtak sem mun reyndar ekki hafa verið notað fyrr en í þessari grein og nær yfir fólk sem situr í fangelsum vegna upp-
runa eða skoðana. Herferðin sem Benenson hvatti til árið 1961 átti að standa í eitt ár en stendur enn.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Starf Amnesty byggir á þeirri hugmynd að einstaklingar geti haft áhrif á ógnarstjórnir með bréfaskrifum og áskorunum. Styrkur samtakanna felst í fjöldanum sem taka þátt í aðgerðum þeirra en einnig því að þau eru með öllu óháð stjórnmalastefnum, trúarbrögðum og hvaða hugmyndafræði sem er. Meira en þrjár milljónir manna í 150 löndum eru félagar og stuðningsmenn samtakanna, og í Íslandsdeild Amnesty eru 11 þúsund félagar.

Samtökin gera þó meira en að virkja féлага sína til að senda stjórnvöldum, stjórnmaláðflum og fyrirtækjum sem brjóta gegn mannréttindum skilaboð, því á þeirra vegum eru mannréttindabrot um heim allan rannsökuð og skráð í ársskýrslu samtakanna.

Stefna Amnesty International er að hver maður njóti fullra mannréttinda í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðlegar mannréttindayfirlýsingar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á baráttuna fyrir því að leysa úr haldi samviskufanga, stöðva dauðarefsingar og pyntingar á fongum og upplýsa um hvers kyns mannréttindabrot. Baráttumálin taka mið af þörfum á hverjum tíma og mótast baráttuleiðirnar af þeirri tækni sem tiltæk er og aðgengileg. Þannig hafa netáskoranir leyst af hólmi handskrifuðu bréfin sem lagt var upp með fyrir hálfri öld.

Fyrir liggur að tugir þúsunda manna hafa verið leysir úr haldi og/eda fengið lausn sinna mála beinlínis vegna aðgerða féлага í Amnesty. Það er undraverður árangur samtaka sem byggja baráttuleið sína fyrst og fremst á bréfasendingum og undirskriftum almennra borgara.

Ljóst er að eftirlit með mannréttindum hefur tekið stakkaskiptum á þeirri hálfu öld sem liðin er frá stofnun samtakanna. Þá hefur verið bent á að fyrir um þrjátíu árum hafi aðeins sextán ríki heims lagt bann við dauðarefsingum en í dag eru þessi ríki komin vel yfir hundrað. Ekki er að efa að framlag Amnesty vegur þar allnokkuð.

Fimmtíu farsæl ár eru að baki hjá Amnesty. Þótt umtalsverður árangur hafi oft náðst og víða um heim eru verkefni fram undan ærin. Góður árangur samtakanna gefur fullt tilefni til bjartsýni á áframhaldandi framfarir í mannréttindamálum, jafnvel þótt andyrinn geti á köflum verið þungur.

Á tímamótunum eru allir hvattir til að leggja starfi Amnesty lið með því að ganga í samtökin og taka þátt í aðgerðum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL
2011
20. MAÍ – 5. JÚNÍ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
www.listahatid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Húsin og Sigmundur

Formaður Framsóknarflokksins er áhugasamur um skipulagsmál og hús, einkum gömul. Út á það varð hann númer í pólitík. Og áhuginn hefur ekki kulnað síðan hann settist á þing ef marka má þrjár fyrirspurnir sem hann hefur beint til jafnmargra ráðherra. Sú fyrsta snýst einmitt um gömul hús. Hann vill að velferðarráðherra segi sér hversu hátt hlutfall húsnæðis á Íslandi er reist fyrir 1918. Önnur snýst um illa farin og yfirgefin hús í Reykjavík og stendur upp



á umhverfisráðherra. Það er rökrétt þróun að sú síðasta varði eyðibýli. Og hvert er henni beint? Jú, til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Húsin koma víða við í stjórnkerfinu.

Hagkvæmni

Svo er ein frá Sigmundi sem hljómar svona: „Hefur hagkvæmni, þ.m.t. þjóðhagsleg hagkvæmni, þess að auka framleiðslu áburðar á Íslandi verið könnuð á undanförunum tveimur árum?“ Það getur ekki verið. Slík athugun hefði varla farið framhjá neinum.

Já, hver?

Fleiri spyrja en Sigmundur. Einn þeirra er Guðlaugur Þór Þórðarson. Hann sendir efnahags- og viðskiptaráðherra athyglisverða fyrirspurn: „Hver voru samskipti Seðlabankans við matsfyrirtæki Moody's frá 23. febrúar til 9. apríl sl.?" Þetta er býsna opið. Fullyrt hefur verið að á þessum tíma hafi starfsmenn Seðlabankans legið í símanum myrkranna á milli að reyna að tala um fyrir matsfyrirtækjunum. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig ráðherrann færir þær upplýsingar í formlegan búning. Og hvort það er yfirleitt hægt.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Enn um forvarnir

Forvarnir



Sigríður Hjálsted
aðstoðarsak-
sóknari

Ég kom full af eldmóði og krafti af síðustu ráðstefnu samtakanna Blátt áfram. Það er ekki annað hægt en að dást að því fólk sem lagt hefur hönd á plóginn í baráttunni gegn kynferðisbrotum gegn börnum og vinnu við forvarnir. Forvarnir í hvaða mynd sem er teljast „arðbær fjárfesting“. Afleiðingar þess að vanrækja þessa vinnu koma annars aftan að okkur fyrr en síðar. Blátt áfram hefur einbeitt sér að grasrótinni og leggur áherslu á fræðslu frá unga aldri. Við hjá lögreglunni höfum svo sannarlega orðið vör við árangur þessa. Æ oftar fáum við mál þar sem börn segja frá kynferðislegu ofbeldi gegn þeim en hvati þess að þau tjá sig hefur verið brúðuleikhúsið, fræðsluerindi í skólanum eða upplýsingar á netinu.

Á ráðstefnunni var kynnt rannsókn Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur sálfræðings um kynferðisbrot gegn unglíngum. Niðurstöður voru meðal annars að 35,7 prósent stúlkna sögðu sig hafa orðið fyrir kynferðisbrotum undir 18 ára aldri en 17,8 prósent pilta. Þá eru unglíngarnir líklegri en yngri börn til þess að verða fyrir kynferðisofbeldi. Einnig kom fram að kynferðisofbeldi á milli unglíngja færir í vöxt.

Það er ekki að ástæðulausu að við teljum nauðsynlegt að beina sjónum í auknum mæli að unglíngunum enda feta þeir brautina á milli þess að vera barn og þess að vera fullorðinn einstaklingur. Í þessu sambandi skiptir að sjálfsögðu meginmáli að unglíngarnir fái rétta fræðslu þaðan sem þeir geta treyst upplýsingunum. Samfélagið allt ber mikla ábyrgð í þessu sambandi.

Unglíngarnir í dag eru því miður afar margir „vanbúnir“ til þess að setja sjálfum sér og öðrum mörk. Þessi hæfileiki virðist fara þverrandi með tilkomu samskiptasíðna netsins og öll mörk eru orðin óljósari. Einnig mótast sjálfsmyndin í auknum mæli af áliti annarra og viðurkenning skiptir æ meira máli. Það að þóknast öðrum til að fá viðurkenningu verður því að vana. Að sjálfsögðu þarf fullorðna fólk líka að kunna að setja unglíngunum mörk og jafnframt að vera vakandi fyrir óæskilegri hegðum sem þarf að stöðva. Það reynist mörgum foreldrum erfitt og þeir þarfnast hjálpar.

Það er von mín að á næstunni verði allir góðir kraftar sameinaðir til að tryggja unga fólkinu okkar heilbrigð unglíngsár.

Mannhelgisgæslan

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Auðlindir samfélagsins er áymsar: fiskurinn sem sumir telja sig eiga óveiddan; orkan sem við lærum vonandi einhvern tímann að hagnýta okkur á sjálfbæran og arðbæran og frábæran hátt; tign fjallanna svo óumræðileg; öll þekkingin; listin sem gefur okkur ný augu þegar hún tekst og getur verið svo spaugileg og skemmtileg þegar hún tekst ekki; hjálpsæmin og náungakærleikurinn; hugvitið, verksvitið, mannvitið – og – síðast en ekki síst – rétturinn til að láta skoðanir sínar í ljós, hversu andstæðar sem þær kunna að vera þeim sem með völdin fara hverju sinni.

Þetta er dýrmæt auðlind: Hið almenna samkomulag sem ríkir í samfélaginu um að sannleikurinn sé ekki einn heldur margur, ekki einvíður heldur margræður, ekki í eigu neins heldur sérstakur. Og að hver og einn megi stíga fram nokkurn veginn óáreittur og bera sínum sannleika vitni.

Það eru mannréttindi. Það er annars fallett orð mannréttindi, svolítið þungt og ábúðarmikið. Í orðinu felst sú hugsun líka að við eigum að fá að standa upprétt sem menn en ganga ekki á lút eða skrifa á vegferð okkar. Það kemur fyrst fyrir árið 1848 í Norðurfara, tímariti sem Gísli Brynjúlfsson gaf út og er þar tengt öðru fallegu orði: mannhelgi.

Gísli Brynjúlfsson þótti sérvitur og naumast með öllum mjalla því að hann orti opin skátt um tilfinningar sínar og var ósammála sjálfum Jóni Sigurðssyni í þjóðfrelsis-málunum. Hann bar óhræddur sínum sannleika vitni.

Skál fyrir frelsinu

Amnesty International eru samtök fólks sem finnst því koma við hvernig aðrir menn eru leiknir; það skynjar að það sem gert er einum manni er um leið gert öllu mannkyninu – það finnur til með öðru fólki eins og okkur er af einhverjum ástæðum flestöllum

eiginlegt að gera, séum við nokkurn veginn heilbrigð.

Þessari mannhelgisgæslu var komið á fót fyrir fimmtíu árum – samtökin urðu fimmtug nú um helgina. Þau urðu til árið 1961 þegar enski lögfræðingurinn Peter Benenson hafði veður af því að tveir portúgalskir stúdentar voru fangelsaðir fyrir að skála fyrir frelsinu – þá ríkti enn í Portúgal einræðisstjórn fasista – raunverulegra fasista. Peter Benenson skrifaði grein í blaðið Observer sem bar heitið „Fangarnir gleymdu“ og hratt í kjölfarið af stað alþjóðlegri her-

lengra komist og því séu nú allir á einu máli ágæti þeirra; önnur sjónarmið séu geðbilun og glæpsamleg. Einræðiskerfi 20. aldarinnar, hvort sem þau kenndu sig við kommúnisma eða fasisma eða trúræði af einhverjum toga, áttu það ævinlega sammerkt að vera reist á einhverri einni fremur einfaldri höfuðlygi sem svo gegnsýrði allt þjóðfélagið og allir urðu að taka þátt í svo að öll samskipti og tengsl manna byggðust á stórkostlegum óheilindum: Ég veit að þetta er þvæla sem þú ert að segja og þú veist það að ég veit það – en við skulum samt halda



Amnesty International eru samtök fólks sem finnst því koma við hvernig aðrir menn eru leiknir; það skynjar að það sem gert er einum manni er um leið gert öllu mannkyninu – það finnur til með öðru fólki eins og okkur er af einhverjum ástæðum flestöllum eiginlegt að gera, séum við nokkurn veginn heilbrigð.

ferð undir heitinu „Appeal for Amnesty 1961“ eða „Ákall um sakaruppgjöf“. Sama ár voru síðan formleg samtök stofnuð með þetta markmið og nú er á þriðju milljón manna um heim allan félagar.

Æ síðan hafa samtökin notað ákveðið vinnulag við að rétta hjálparhönd samviskuföngum víða um heim, sem hneppir hafa verið í varðhald vegna skoðana sinna.

Aðferðin er einföld, snjöll og áhrifamikil: að skrifa bréf. Að sem flestir skrifi bréf. Að yfir einræðisherrana rigni bréfum sem öll gegna sama hlutverki: Við látum vita af okkur; látum vita að við vitum. Segjum: Við sjáum til þín.

Ljós heimsins

Einræðisherrum er illa við ljósið. Þeir þola ekki að láta ljós heimsins skína á sig. Veldi þeirra byggir ekki síst á vandlegum umsnúningi sannleikans og allra gilda; þeir láta sem þeir séu sérstakir varðmenn lýðræðis og hvers kyns réttinda sem séu raunar svo þróuð að ekki verði

þvælnni áfram því að annars er hægt að fangelsa okkur.

Slíkar spilaborgir sem reistar eru á lygum eru merkilega rammgerðar – vegna þess að þrátt fyrir allt geta mennirnir aðlagast ótrúlegustu kringumstæðum og gengist fátánlegustu orðræðu á hönd – og veikbyggðar, því eins og dæmin sanna um þessar mundir í arabalöndunum þarf fólk ekki nema að safnast saman úti á götum og krefjast réttar síns til að allt riði til falls.

Stundum þarf ekki annað en að láta ljósið skína inn í skúmskotin. Amnesty International hefur eitt vopn og aðeins eitt og beitt því kænlega: Kertið, ljós heimsins: upplýsingar. Reglulega senda samtökin frá sér skýrslur um ástand mannréttindamála í einstökum löndum sem byggðar eru á nákvæmri og vandaðri upplýsingaöflun og þessar skýrslur eru þá jafnframt ljóskastari sem beinist að viðkomandi ríkjum: því að ævinlega eru einhverjir sem reiðubúnir eru til að bera sannleika sínum vitni þrátt fyrir allt.

Til hamingju með afmælið, fimmtugi ljósberi.

AF NETINU

Vanhæfi og stjórnlagaráð



Nú veit ég að reglur stjórnsýslunnar um vanhæfi gilda ekki tæknilega séð um störf stjórnlagaráðs.

En trúverðugleiki nýrrar stjórnarskrár hlýtur að minnka verulega ef meðlimir stjórnlagaráðs skauta yfir þær vanhæfisreglur sem settar hafa verið um aðkomu einstaklinga að málum sem snerta þá og afkomu þeirra með beinum

hætti.

Tilfnið þessara vangaveltna er að stjórnlagaráð er að fjalla um hvort ákvæði um þjóðkirkju eigi að vera í nýrri stjórnarskrá. Og í stjórnlagaráðinu situr til að mynda einn prestur og muni ég rétt annar sem tengist presti nánnum fjölskylduböndum.

Ég ætti kannski ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu, því þó ég sé trúlaus og utan trúfélaga og vilji losna við tengingu ríkis og kirkju – þá hef ég ekki (amk. persónulega) reynt kirkjunnar þjóna að öðru en heiðarleika og heilindum.

Eða er nokkur hættá á að einstaklingar með ríka persónulega hagsmuni í einstökum málum taki þátt í umræðum og atkvæðagreiðslum um þau?

<http://blog.eyjan.is/valgardur>

Valgarður Guðjónsson

Hvað á að gera við kirkjuna?



Á morgun förum við í A-nefnd stjórnlagaráðs að ræða það ákvæði í nýgildandi stjórnarskrá, þar sem kveðið er á um þjóðkirkju. Þá blasa strax við tvær spurningar. Á eða má íslenska ríkið styrkja og styðja eitt trúfélag umfram önnur – sem virðist óneitanlega vera hægðarleikur að túlka sem það sé andstætt ákvæði stjórnarskrár um algjört trúfrelsi? Og er

yfirleitt ástæða til að fjalla um trúfélög í stjórnarskrá?

<http://blog.eyjan.is/illugi>

Illugi Jökulsson



FUNHEITAR EDA SVALAR í grillseislu

Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat

Einfalt og gott!



Auglýsingasími

512 50 50

Allt sem þú þarft...

FLUGAKADEMÍAN

Í Flugakademíu Keilis er lögð áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennsluumhverfi. Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur.

EINKAFLUG

Námið veitir réttindi til að fljúga einshreyfils flugvél í flestum Evrópulöndum. Námið hentar bæði áhugamönnum og þeim sem hyggja á nám í atvinnuflugi.

FLUGUMFERÐARSTJÓRN

Námið undirbýr nemendur undir ábyrgðarmikið starf flugumferðarstjóra. Flugumferðarstjórar starfa í flugturnum og flugstjórnarmiðstöðvum og starfið felur meðal annars í sér að sjá um samskipti við flugmenn og tryggja öryggi flugvéla.

ATVINNUFLUG

Námið undirbýr nemendur undir að stjórna farþegaflugvélum víðs vegar um heiminn og tekur mið af námsskrá sem er gefin út af JAA/EASA samkvæmt samevrópskri útgáfu flugskírteina.

NÝTT: Staðnám hefst haustið 2011.

FLUGÞJÓNUSTA

Námið veitir vottun á grunnþjálfun flugfreyja og flugþjóna í samræmi við kröfur EASA (EU-OPS1.1005) og er viðurkennt af Flugmálastjórn Íslands. Fyrir þá sem vilja auka atvinnu-möguleika sína í ferðageiranum enn frekar bætist við þjálfun í ýmsum greinum ferðaþjónustu, þ.á m. innritun og afgreiðslu.



PIRANTOVA • SÍA • 11141



Keilir

Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Leiðandi í flugkennslu

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 6. JÚNÍ

Nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net



31 STEVEN GERRARD knattspyrnumaður er 31 árs í dag. „Það skiptir ekki máli hver skorar mörkin, svo lengi sem við vinnum.“

Merkisatburðir

- 1431** Jóhanna af Örk er brennd á báli í Rúðuborg í Frakklandi.
- 1768** Eggert Ólafsson, skáld og varalögmaður, ferst á Breiðafirði ásamt konu sinni og sex öðrum mönnum. Voru þau að koma frá vetursetu í Sauðlauksdal.
- 1829** Jónas Hallgrímsson flytur prófræðu sína í Bessastaða-kirkju.
- 1836** Paul Gaimard kemur með leiðangur sinn til Reykjavíkur og fara þeir víða um land.
- 1851** Jón Sigurðsson er kosinn forseti Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags og gegnir þeirri stöðu til dauðadags.
- 1889** Hallgrímur Sveinsson er vígður biskup.
- 1894** Eldey er klifin í fyrsta skipti. Er þar að verki Eldeyjar-Hjalti (Hjalti Jónsson) og tveir aðrir Vestmannaeyingar.
- 1919** Fyrsti íslenski ríkisráðsfundurinn er haldinn í Fredensborgarhöll í Danmörku.
- 1940** Róstur verða eftir knattspyrnuleik milli Fram og Víkings í Reykjavík. Þrjátíu manns eru handteknir.
- 1982** Spánn verður sextánda aðildarland NATO og fyrsta ríkið til að gerast meðlimur frá því Vestur-Þýskaland gekk í bandalagið árið 1955.
- 1984** Alþingismönnum er fjölgað úr 60 í 63 og kosningaaldur er lækkaður úr 20 árum í 18 ár.



HLJÓMSKÁLAGARÐURINN Fimmtíu japönsk kirsuberjatré verða gróðursett í Hljómskálagarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Vinátta milli Íslands og Japans

Japansk-íslenska félagið fagnar tuttugu ára afmæli sínu á þessu ári. Systurfélag þess á Íslandi, Íslensk-japanska félagið stendur einnig á tímamótum, þar sem það var stofnað fyrir þrjátíu árum.

Í tilefni þessara tíma-móta hefur Japansk-íslenska félagið ákveðið að færa Reykjavíkurborg fimmtíu kirsuberjatré að gjöf sem gróðursett verða í Hljómskálagarðinum. Trén tákna samanlagðan aldur félagsanna og ævarandi vináttu og frið milli Íslands og Japan.

Haldin verður gróðursetningarástíðin í Hljómskálagarðinum á morgun. Athöfnin hefst klukkan fjögur með ræðu Jóns Gnarr borgarstjóra. Þá mun formaður Japansk-íslenska félagsins, Yoshihiko Wakita, formlega afhenda Reykjavíkurborg kirsuberjatréin. Japanski flautuleikarinn Yoko Owada mun flytja nokkur japönsk lög en einnig munu Gradualekór Langholtskirkju, Langholtsdætur og málmblásarakvittettinn Yobo Häbeba koma fram.

- mmf



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Guðfinna Sigurgeirsdóttir

andaðist á Sólvangi, Hafnarfirði 23. maí sl. Jarðarförin fer fram föstudaginn 3. júní nk. frá Garðakirkju, Álftanesi.

Gísli Geir Kolbeinsson
Kolbrún Kolbeinsdóttir
Guðmundur K. Jónmundsson
barnabörn og barnabarnabörn



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAİK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

PETTA GERÐIST: 30. MAÍ 1990

Tekið fyrir innflutt breskt kjöt

Á þessum degi árið 1990 bönnuðu frönsk yfirvöld allan innflutning á bresku nautakjöti og lifandi nautgripum af ötta við kúariðu. Frakkland var stærsti innflytjandi bresks nautakjöts og kom þetta sér því mjög illa fyrir breska bændur. Einnig kom sér þetta illa fyrir bresku yfirvöld sem höfðu þráfaldlega reynt að sannfæra almenning um að öruggt væri að neyta nautakjöts. Fáum dögum síðar bönnuðu einnig Þýskaland og Ítalía innflutning á nautakjöti.

Banninu var aflétt nokkru síðar eftir miklar samningaviðræður í Brussel. Kúariðukreppan náði síðan hámarki 20. mars árið 1996 þegar bresk yfirvöld viðurkenndu að tengsl væru milli kúariðu og Creutzfeldt-Jakob-sjúkdómsins, mannlegrar útgáfu hrömunarsjúkdómsins sem hafði fyrst fundist í breskum kúm tíu árum áður. Víku síðar var sett á algert bann á útlutning á bresku nautakjöti. Banninu var aflétt af öllum löndum nema Frakklandi árið 1999 en eftir að Evrópusambandið hótaði stórum fjársektum var banninu einnig aflétt þar í október árið 2002.



EIN ELSTA FATAVERSLUN LANDSINS: VINNUFATABÚÐIN 70 ÁRA

Innan sömu fjölskyldu alla tíð

Um þessar mundir eru sjöttíu ár frá því að ein elsta fataverslun landsmanna, Vinnufatabúðin, var stofnuð. Fyrirtækið hefur alla tíð haldist innan sömu fjölskyldu en Þorgeir Daníelsson, sem á og rekur verslunina í dag ásamt eiginkonu sinni Hildi Símonardóttur, er barnabarn stofnanda Vinnufatabúðarinnar, Þórarins Kjartanssonar. Þórarinn, sem fæddist árið 1893 og lést árið 1952, stofnaði einnig Gúmmivinnustofuna og er talinn fyrstur manna á landinu til að setja upp dekkjaverkstæði. Þórarinn eignaðist húsnæðið að Laugavegi 76 árið 1921 en verslunin hefur verið starfrækt þar á fyrstu hæð hússins frá árinu 1941.

„Jú, það er mjög góð tilfinning að verslunin hafi haldist innan fjölskyldunnar allan þennan tíma, en sjálfur kom ég fyrst að starfsemi þegar faðir minn, Daníel Þórarinnsson, tók við rekstri Vinnufatabúðarinnar. Þá var ég líklega um sautján ára. Hann rak verslunina í fyrstu með móður sinni og ömmu minni, Guðrúnu Daníelsdóttur en hún lést 1967. Síðar kom bróðir minn, Daníel Daníelsson, inn í reksturinn og saman rákum við verslunina þar til faðir minn lést, 71 árs að aldri. En ég og eiginkona mín höfum rekið verslunina undanfarnin fimmtán ár.“

Þorgeir segir að margt hafi breyst í verslunarmhverfi á Íslandi og að hálfgerð bylting hafi orðið þegar fyrstu gallabuxurnar fóru að líta dagsins ljós hérlendis en faðir hans hóf að flytja inn amerískar gallabuxur, Lee og Wrangler, á sjötta áratugnum og hermanna-fatnaðurinn markaði einnig djúp spor í fatastíl landsmanna. Þorgeir segir að fatnaðurinn sem Vinnufatabúðin selji njóti sérstöðu því ekki sé verið að eltast við tískusveiflur. Fatnaðurinn standist tímas tönng og henti öllum aldurshópum.

„Viðskiptavinir okkar hafa sumir fylgt okkur í áratugi. Sá hópur er ansi stór og hefur stutt okkur alla tíð. Margar breytingar hafa orðið á Laugaveginum frá því sem var og margar góðar verslanir horfnar. Ég myndi vilja sjá Laugavegin styrkjast því Laugavegurinn hafði mjög mikla breidd í verslun og líflægri flóru,“ segir Þorgeir og segist hlakka til að standa vaktina á Laugaveginum áfram. juliam@frettabladid.is



GAMAN AÐ STANDA VAKTINA Þorgeir Daníelsson á og rekur Vinnufatabúðina ásamt eiginkonu sinni, Hildi Símonardóttur. Afi Þorgeirs stofnaði verslunina árið 1941. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stáltröppur við Seljalandsfoss

Í sumar verður aðgengi ferðamanna stórbætt við Seljalandsfoss, því á föstudag undirrituðu Ísólfr Gylfi Pálmarsson, sveitarstjóri Rangárbings eystra, og Birgir Ægir Kristjánsson, framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar Magna, verksamning um smíði og uppsetningu stáltrappa við fossinn.

Mikil ánægja ríkir í samfélaginu með að verkefnið verði unnið af hagleiksfólki úr heimabyggð.

Á hverju ári leggur sveitarfélagið ákveðið fjármagn í uppbyggingu áfangastaða í sveitarfélaginu, og þetta árið eru tröppurnar við Seljalandsfoss stærsta verkefnið sem ráðist verður í. Undanfarnin ár hefur verið unnið ötulllega að því að laga aðgengi í kringum fossinn og eru tröppurnar hluti af því.

Kostnaðaráætlun við verkið er tæpar sex milljónir. Verkefnið er einnig styrkt af umhverfissjóði Ferðamálastofu sem leggur til tvær milljónir króna.

Uppsetning hefst í byrjun júní og er áætlað að tröppurnar verði tilbúnar um mánaðamótin júní/júlí. Meðan á uppsetningu stendur má búast við einhverjum truflunum við fossinn. Umsjón með verkinu hefur Oddur Hermannsson hjá Landform ehf. á Selfossi.



VIÐ SELJALANDSFLOSS NÚ OG ÞÁ Á myndunum má sjá hvernig aðgengi upp og undir Seljalandsfoss er nú og svo hvernig það verður þegar tröppurnar eru tilbúnar.



Hönnunarmiðstöð, Íslandsstofa, Samtök iðnaðarins og Nýsköpunarmiðstöð auglýsa eftir hönnuðum til samstarfs í þróunarverkefni. Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 3. júní. www.honnunarmidstod.is

ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

FRÉTTABLAÐIÐ

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarnkler.is

Árný Lúthersdóttir áhugakona um hönnun býr yfir skemmtilegum hugmyndum og lausnum á heimilinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TECE

Ideal STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð
45.000

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghóls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

Rammar inn með litum

Þetta er sjónvarpsskápur sem ég keypti í lélegu ástandi og lét sprautulakka rauðan," segir Árný Lúthersdóttir, sem heldur úti síðunni Punkturinn yfir I-ö á Facebook. Á síðunni kynnir Árný sniðugar hugmyndir fyrir heimilið. „Í gamla daga var sjónvarp inni í þessum skáp, en nú er búið að taka það úr og setja hillu í staðinn.“

Árný segist skreyta mikið með myndum og ofan á gamla sjónvarpsskápnnum stendur myndasería

af henni frá því hún var þriggja ára. „Ég átti eina gamla mynd og aftan á henni var númer," segir Árný, en hún gat haft uppi á ljósmyndaranum, sem fletti upp myndunum og lét framkalla fleiri.

Árný segist hafa búið til rauða myndarammann fyrir ofan skápin. „Þetta er MDF-plata sem ég lét saga og sprautulakka rauða," upplýsir Árný, sem segir sniðugt að setja myndir á MDF-plötu til að halda þeim beinum á veggnum. „Ég festi plötuna á vegginn og svo

eru skrúfur fyrir hverja og eina mynd.“

Undir MDF-plötuna setti Árný tvær tegundir af veggfóðri. „Þarna setti ég saman tvo ólíka liti til þess að ramma vegginn inn," útskýrir Árný og bætir við að hún hafi einnig viljað ramma inn dúkkurnar sem hún keypti í Prag. „Fyrst hengdi ég þær bara upp á hvítan vegginn. Mér fannst þær svolítið berar þannig, svo ég málaði vegginn fyrir aftan þær.“

martaf@frettabladid.is

Nýir svefnsófar - margar gerðir



12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa



Verð frá kr. 59.900,-

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



Hollenski hönnuðurinn Maarten Baas kynnti nýja útgáfu af leirhúsgögnum sínum í Milánó í síðasta mánuði. Línan kallast The Plain Collection og er úr lituðum leir. Í húsgögnunum má greina fingraför þess sem mótaði leirinn. Í línunni er að finna stóla, lampa, borð og spegla.

nettoline
ELDHÚS-BÁÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKAPAR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRETTINGUM
OG **10% AÐ AUKI**
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN

friform.is Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Það þarf ekki að vera dýrt að gera heimilið eilítið röndótt því í IKEA til að mynda fást blómapottar sem þessir í sumarsins litum.

„Stálviður“ heitir nýr gripur úr smíðju þeirra Ronans og Erwans Bouroullec-bræðra. Viðurinn er upp á rönd.




Önnur einföld leið til að fá rendur inn í líf sitt er að hengja upp röndótt sturtuhengi sem þetta, en hengið er úr IKEA.

Boðið upp í línudans

Hönnuðir um víða veröld hafa fyrr og nú leikið sér með rákir; skellt þeim upp á endann og látið þær spila saman þvers og kruss. Rákirnar um þessar mundir eru ýmist skærliðaðar, svo sem bleikar og grasgrænar eða í dempaðri tónum. Einhverra hluta vegna eru rendur sýnilegri í húsbúnaði á sumrin og vorin. Fréttblaðið skautaði yfir randavöllinn.

Þeir hjá Normann Copenhagen eru óhræddir við að framleiða hluti í hressilegum litum svo sem þessi herðatré sem fást bæði skærbleik og skærgræn.



Kertastjaki frá Design House Stockholm eftir Marie Thurnauer sem hægt er að leika sér með – taka hann í sundur og setja hann saman.



Einn þekktasti glerlistamaður Svía, Lena Bergström, er líka kunn fyrir textilhönnun og hefur hannað mottur og kolla úr ull. Þessi motta kallast UMAN og er ný af nálinni frá Design House Stockholm.

FRÉTTIR VÍDSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI


Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

VÍSIR



Ásýnd regnbogans breytist eftir tíma, staðsetningu og veðri.



Útsýnisboginn er 150 metra langur og 52 metrar í þvermál.

Regnbogaupplifun Ólafs Elíassonar

VERK EFTIR LISTAMANNINN ÓLAF ELÍASSON VAR OPNAÐ Á FÖSTUDAGINN SÍÐASTA Á ÞAKI LISTASAFNS ÁRÓSA. NÚ GETA GESTIR SAFNSINS VIRT FYRIR SÉR BORGINA OG SÉÐ HANA Í NÝJU LÓSI.

Your rainbow panorama kallast nýtt verk eftir Ólaf Elíasson sem vígt var á þaki listasafns Árósa ARos á föstudaginn síðastliðinn. Mannvirkið er 150 metra manngengur regnbogi sem myndar hring á þaki safnsins og er raunar eins og hringurinn svífi yfir safninu. Hringurinn er 52 metrar að þvermáli og er haldið uppi af 3,5 metra háum stólpum.

Ásýnd listaverksins breytist í takt við sólargang, veðurfar og eftir sjónarhorni þess sem virðir það fyrir sér og

því mikil upplifun að ganga einn hring. Verkið mun sjást víða að og verður lýst upp að næsturlagi.

Vinna við byggingu verksins hófst árið 2009 en það kostar fullklárað 60 milljónir danskra króna, eða um 1,3 milljarða íslenskra króna.

Á laugardaginn var mannvirkið opnað almennum gestum safnsins, sem fengu að ganga hringinn og sjá borgina og umheiminn í öllum regnbogans litum, en litir glerveggisins spanna allt litrófið.



Pantaðu frítt söluverðmat án skuldbindinga

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



heimili
FASTEIGNASALA



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Vantar eignir á skrá í 101 miðbæ Rvk

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

Löggiltur fasteignasali

Óskum eftir að ráða löggiltum fasteignasala hjá öflugri fasteignasölu.

Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir sendast á box@frett.is merkt "Lögg Fast".
Fullum trúnaði heitið.



Eignin er hin glæsilegasta. Hún er fullbúin að innan en ófrágengin að utan.

Glæsihýsi við Elliðavatn

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu glæsilegt einbýlishús við Gulapíng í Kópavogi.

Húsið er 357 fm á besta stað við Elliðavatn með útsýni til allra átta, sérstaklega yfir vatnið. Það er fullbúið að innan á afar vandaðan og glæsilegan máta. Húsið skilast ófrágengið að utan en þak er fullfrágengið með dúk og fargi. Lóð er ófrágengin.

Húsið er á tveimur hæðum, hannað af Baldri Ó.

Samb. Afréttari/pykkarhefill 300mm
Breiður. Einnota hefilltunnur. 5,5HP
Verð 750.000 m/vsk

Sjá nánar á www.idnvelar.is

Sagarblöð/verkfæri/loft-pressur/lím/járnsmíðavélar.

Þjónusta við allar gerðir iðnaðarvéla.

MiniMax C26 Genius
Alsambyggð vél - Álsleði
Hallanlegt blað - Einnota hefilltunnur
Tilboðsverð 670.000 m/vsk

IDN VÉLAR
SMÍÐJUVEGI 44-46 • KÓPAVOGI • S: 414 2700 • Fax: 414 2701

Viðgerðir



Sláttuvéla og reiðhjólþjónustan - enginn biðtími!

Tek við öllum gerðum af sláttuvélum og reiðhjólum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Get tekið að mér heimilisþrif. Er vandvirk. Uppl. í s. 587 2084 & 690 2084.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



ALHLIDA GARÐAÞJÓNUSTA OG LÓDAFRÁGANGUR. GERUM FÖST VERÐTILBOD

Hellulagnir • hleðsluveggir þökulagnir • sláttur • klipping hreinsun • jarðvegsskipti.

Frekari upplýsingar í s. 897 3057 og á www.gottverk.is



- Garðsláttur
- Garðaúðanir
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!

Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsmiðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.



Trjáklippingar Trjáfellingar Garðsláttur Beðahreinsun o. fl.

www.hreingaradar.is S. 571-2000



Garðþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.

Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Trjáklippingar Beðahreinsunir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir, sláttur, hellulagnir o.fl. Fagleg vinnubrögð og sanngjamt verð. Eiríkur, S. 669 0011. Þórhallur S. 772 0864.



Allt fyrir garðinn á einum stað

- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbataeting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira

Traust þjónusta í 20 ár 554-1989 Garolist.is

Trjáklippingar - garðyrkja - hellulagnir. Klippi tré og runna og fellt tré, fræsi stubba. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.

Garðþjónustan Björk Jóhannes garðyrkjumeistari s. 846 8643, 899 7679



Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutruktorar, jarðvegsskiptingur, Gokartþjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.



Tökum að okkur alhliða garðvinnu og hreinsun. Klipping og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsunum, sláum og fleira.

Vönduð vinnubrögð! Róbert S. 866 9767

Gröfubjónusta Auberts. Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum. Sími 892 1663.

MOLD

Grjóthreinsuð og sandblönduð garðamold til sölu. Seld í rúmmetrum á kerru og palla, keyrð heim sé þess óskað.

Láttu fagmenn vinna verkið.

Hellulagnir Jarðvegsskipti Drennagnir og öll önnur jarðvegsvinna. Vönduð vinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.

Er óspin til ama?

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 695 1918.

Trjáklippingar

Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur. Sími : 848 1723.

Garðsláttur

Fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 618 3469.

Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!

Erum með góðar lausnir við því. Garðþjónusta Reykjavíkur S. 669 0011. G

Garðsláttur á GÖÐU verði. FAGMENNNSKA og persónuleg þjónusta. ENGI ehf. Sími 615-1605.

TRJÁKLIPPINGAR

Klippi, fellt og snyrti tré og runna. Alm. garðavinnu. Ágúst Haukur garðyrkjufraeðingur s. 848 9600.

Bókhald

BÓKHALD, LAUNAÚTR, OG RÁÐGJÖF: Vönduð vinna, löng reynsla og sanngjamt verð. Uppl. 6183909 Svavar.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málaraar

Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald

Smíðum eftir máli Gluggar - Fög - Útihurðir Svalahurðir - Biskúrshurðir

Sérhæfð trésmíðja!



Hurðir & gluggar

Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður Sími: 565 4123 • Fax 565 4129 eljo@internet.is www.hurdirogluggar.is



Húsviðgerðir - Nýbyggingar

Múraraar, málaraar, smíðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrvíðgerðir og flíslagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Smíður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

Tölvur

Tölvuhjálpi! Yfirhaling á tölvu aðeins 2.000 kr. Ókeypis vírusvörn

Nánar á www.tolvuhjalp.is Sími 588-9590 Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvín.

Nudd

NUDD. NUDD. NUDD. Exclusive Whole Body Massage For You. S. 692 2126, Alena

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:6618272 eða 6930348

Til sölu

Alltaf loyn á svölunum

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svarslokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux GmbH.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.



Smíðjuvegi 72 200 Kópavogi Sími 578 6300 skelinehf@skelinehf.is www.skelinehf.is



ÆM SÓ VILD! GÚDDBÆ!

- Nú geturðu byrjað að nota punktana þína sem þú hefur safnað í Stöð 2 Vild.
- Kauptu viðbótaraskrift fyrir punkta.
- Nýttu punktana þína upp í glæsileg tilboð hjá Vildarvinum Stöðvar 2.
- Kannaðu punktastöðuna þína á stod2.is og njóttu allra þeirra fríðinda sem Stöð 2 Vild býður upp á.



Allt fyrir áskrifendur

NEW NEW NEW !!!TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME SPECIALY IS.8995836

THE BEST!!!LUXURY,WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!S: 869 8602.

Spádómar

PÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIDILL

SPÁI Í SPIL
- OG KRISTALSKÚLU
- HEILUNAR TÍMAR
- FYRIRBÆNIR
- ALGIÖR TRÚNADUR

Sími 618 3525
www.engill.is

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.

Einkatímar.
Tímantánir í s. 587 4517 Erla.

Spásímminn 908 5666. Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Hanna S. 555 2927 13-22
Andleg leiðsögn, draumaráðningar, tarot.

Rafvirkjun

Lögg. Rafvirkni getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl. S: 698 1524.

RAFVIKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrásímakarfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

KEYPT & SELT

Til sölu

Flaggstangir
Verð frá 31.900 kr.



Grensásvegur 13
Sími 414 0400
www.pfaff.is

Óskast keypt

Kaup gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

Sjónvarp
Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til efl/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarölía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

7 rósir 990 kr.

Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120


Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

Fyrirtæki
Af sérstökum ástæðum er til sölu!!
Viðgerðar og sjálfsþjónusta verkstæði til sölu. Uppl. í síma 893 5531

HEILSA

Heilsuvörur

Ertu með verki? Fri prófun!



Sími 564 5959
www.lifsbylgja.is

Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstill - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Orka, næring, vellíðan... Herbalife er næringarbakharjari Barcelona-liðsins í fótbolta. uppl. og ráðgjöf Svavar. 6183909

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

EKKERT SEX NUDD,
En æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heitir POTTAR og margargteg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAADGERÐIR, SNYRTING og VEITINGAR. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Ópið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Flug



Einkaflugmannsnám 30.
Viltu starfa í flugi? Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmannsprófi. Skráning á www.flugskoli.is.

Námskeið

SUMAR 2011 ÍTR
Námskeið í leiklist og kvikmyndagerð. Systkinaafsláttur **20%**
Skráning á: studio-list.com

Til sölu



Glerbrjótar til sölu
Til sölu ónotaðir glerbrjótar með 10 lítra boxi.
Ósk um nánari upplýsingar sendist ej@evhf.is



SCHOOL OF ICELANDIC

ICELANDIC NORSKA I & II SÆNSKA, SPÆNSKA, ENSKA f FULLORÐNA, ENSKA f BÖRN. STÆ áfangar.

ICELANDIC, SPÆNSKA, SÆNSKA. Level I/Stig I: 4 weeks Md to Fr; 18-19:30, II: 17-18:30 ,start 30/5, 11/7, 25/7. NORSKA 4 vikur, stig I: mán-fös 19:45-21:15. st 30/5, 27/6, 25/8 . ENSKA f börn I & II, mán - fös; 6/6-21/6; 5-8 ára kl. 16-17, 9-12 ára kl.17-18 ENSKA f. Fulloröna 17-18:30, mán-fös, 4vikur, 2/5 Fullorönsfræðslan, Armúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Rúm 90x200
Til sölu vel útlitandi, gegnheil fura og m. gormadýnu á 25 þús staðgr. Uppl. í s. 565 2354

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

Tveir 9 vikna fallegir og glaðir kettlingar fást gefins á gott heimili. eru kassavanir, vel uppaldir og tilbúin að fara að heiman. Uppl í síma 616 6368 og 717 7077.

Ýmislegt

554 4445

Sláttuvéla- viðgerðir

Sláttuorfl
Garðsláttuvélar
Keðjusagir
Sláttutraktorar

EGILL
Míðhrauni 2
210 Garðabæ
www.egill.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

2ja herb. í 109 Rvk.
Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, gardínur og öll ljós.
www.heimahagar.is
vidar@heimahagar.is

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í s. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Sumarleiga einbýli á besta stað í fossvogri full búíð leiguv. 160þ. uppl: 691 7828.

2 herbergja íbúð í Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði til leigu, húsgögn geta fylgt. uppl. í síma 6925105

R 109 - Laus til leigu 2ja herb. kj.íbúð í einbýli. V. 88þús. S. 695 1790.

3. herb. íbúð til leigu 86 fm í fjórþýli í pn. 104. Laus um miðjan júní. Uppl. 695 2918

Húsnæði óskast

Óska eftir 3 herb. íbúð. Greiðsugeta 100-120 þús. eða tilboð. Örugum greiðslum heitið. Tilboð sendist á tölvupóst gummikalli@visir.is.

Óskum eftir 3-4 herb. íbúð til leigu frá og með ágúst. Helst í 108 en annð kemur til greina. Erum reglusamar og reyklusar. Uppl. í s. 7758860 og 8453877

Óskum eftir 3. herb + íbúð í Rvk. Bílskýli æskilegt, reglusemi og góð umgengi. Uppl. í s. 663 0644.

Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

Fundir / Mannfagnaður



BIFRÖST
Hollvinasamtök

Aðalfundur Hollvinasamtaka Bifrarstar verður haldinn í Reykjavík, Ofanleiti 2 - 4. hæð (hús beint á móti Borgarleik-húsinu) þriðjudaginn 7. júní 2011, kl. 20.30.

Dagskrá samkvæmt félagslögum, (sjá: www.hollvinir.bifrost.is)

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Bryndís Hlöðversdóttir, rektor Háskólans á Bifröst flytja erindi um stöðu skólans og framtíðarhorfur.

Hollvinir eru hvattir til öflugrar þátttöku í fundinum, undir kjörorðunum „Bifröst áfram!“

Stjórnin

Atvinnuhúsnæði



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvilandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Ópið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Bílskúr

BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

Gisting

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

ATVINNA

Atvinna í boði

Hellulagningafyrirtæki óskar eftir vönum manni. Umsóknir sendist á: baldur@btverk.is

Vélstjóri
Fyrsta vélstjóra vantar eftir sjómánadag á frystitogara sem er á rækjuveidum. Vélarst. 1600 hö. Uppl. í s. 893 1604

Starfsfólk óskast til afgr.starfa í pylsuvaðni. Upplýsingar í síma 896 0240.

Atvinna óskast

16 og 17 ára bræður óska eftir sumarvinnu, geta byrjað strax Duglegir og reglusamir. Hafa unnið í fiskvinnslu 3 síðustu sumur, kvótinn búinn hjá flestum, áhugasamir um hvað sem er. uppl í 895 4060

Auglýsingasími
512 5050
Allt sem þú þarft...

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. himinn, 6. hljóm, 8. samstæða, 9. gums, 11. ullarfloki, 12. massaeining, 14. iðja, 16. átt, 17. þreyta, 18. kvenskyns hundur, 20. 2000, 21. trúflun.

LÓÐRÉTT

1. fita, 3. munni, 4. vörurými, 5. hyggja, 7. naggrís, 10. fálmm, 13. poka, 15. lípurð, 16. arinn, 19. bókstafur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. loft, 6. óm, 8. þar, 9. lap, 11. rú, 12. grammm, 14. stær, 16. sv, 17. lú, 18. tók, 20. mm, 21. óháð.
LÓÐRÉTT: 1. töl, 3. op, 4. farnúm, 5. trú, 7. marstvin, 10. pát, 13. mál, 15. fim, 16. stó, 19. ká.

1. Landsmót UMFÍ 50+
24.-26. júní Hvammstanga Húnaþingi vestra
www.landsmotumfi50.is

Svaka gott siðferði

BAKPANKAR
Júliu
Margrétar
Alexanders-
dóttur

Það er viss fegurð í rusli úti við veginn og reykjandi öikumanni í umferðinni með gluggana uppi árið 2011. Það sem er á skjön fangar augað og hrifur – nú eða stúðar. Sum erum við sérstaklega veik fyrir misfellingum og þyrstir hreinlega í þær í einsleitu umhverfi. Fögnuð illa hirtum grasbletti í Garðabæ og skoppandi sílikonbrjóstum í Árnagarði. Allt í stíl getur verið óbærilega leiðinlegt. Þess vegna líður mér hvergi betur en á Hlemmi eða í biðröð eftir Lottó.



KANNSKI er þetta fylgifygur þess að hafa alist upp að hluta til úti á landi. Allt verður svolítið þurrt ef maður hittir ekki einhvern fullan í miðri viku úti í búð eða heyrir rifrildi út um gluggann sem maður átti ekki að heyrja. Geirfluginn sem dúkkar upp í heita pottinum og úthúðar fæðingarorlofi sem hreinræktuðum kapitalisma er nákvæmlega sá sem gerir partíið loks eitthvað skemmtilegt. En á stílhreinum tímum þarf að kæfa fíflinn eina og annarlega og traðka nógu fast til að hann dúkki ekki aftur upp. Ég hræðist miklu meira þóttafull andlit sem hlæja að fíflunum en fíflin sjálf.

HNEYKSLUN á siðferði og viðhorfum annarra er enda yfirleitt ekki nema 2 prósent raunveruleg siðferðiskennnd, 48

prósent gremja og 50 prósent öfund las ég í þrælskemmtilegri bók eftir finnskan fræðimann; Jaakko Heinimäki (sem reyndar hefur þau þar eftir Ítala). Syndirnar sjö komu út í íslenskri þýðingu árið 2003 en þar dustar Heinimäki rykið af antikvarningnum dauðasyndunum sjö; hroka, ágirnd, öfund, heift, munúð, nautnasýki og andlegri leti, en dauðasyndirnar eru reyndar hinn ágætasti leiðarvísir fyrir alla þá sem langar að lappa upp á innra líf sitt, óháð trú eða trúleysi.

HEINIMÄKI segir: „Öfundin sveipar sig oft mælskulist réttlætiskennarinnar: „Svindl! Einn maður veikist af krabbameini þó að hann hafi frá æsku lifað heilbrigðu lífi og borðað hollan mat en nágranninn sem reykir og drekkur er eldhress, hvernig sem hann lætur vaða á súðum.“ Dómur í nafni vandaðs siðferðis snýst ekki endilega um svo svaka gott siðferði.

AÐ endingu má geta þess að óttist einhver hreinsunareldinn vegna hugsanlegrar dauðasyndar er ekki öll von úti ef einlæg iðrun og syndajátning á sér stað samkvæmt kabólsku trúnni. Ég ætti hins vegar að láta staðar numið því það eru líka til minni háttar syndir, svokallaðar „fyrirgefningar syndir“, peccatum veniale, samkvæmt kabólikkum. Ein þeirra er að gerast sekur um innantómt þvaður.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SÓMI

VEISLUBAKKAR
FERSKT & ÞÆGILEGT

- TORTILLA VEISLUBAKKI (30 bitar)
- TORTILLA OSTABAKKI (30 bitar)
- GAMLI GÓÐI (20 bitar)
- LÚXUSBAKKI (20 bitar)
- DESERTBAKKI (50 bitar)
- ÁVAXTABAKKI (Fyrir 10 manns)

Pantaðu í síma **565 6000** eða á www.somi.is Fri heimsending*

Hver samlökbakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm. *Fri heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

Glansinn vantaði

Tónlist ★★

Ojos de Brujo í Silfurbergi í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík.

Augu töframansins sjá lengra. Þau sjá undir yfirborðið.

Augu töframans á spænsku er „ojos de brujo“. Það er nafnið á nfu manna hljómsveit frá Barcelona sem hélt tónleika í Silfurbergi í Hörpu á Listahátíð á föstudagskvöldið. Eitt af markmiðum hópsins er að kafa undir yfirborðið, fjalla um ástandið á Spáni eins og það er í raun og veru. Ekki eins og það birtist á póstkortum. Hópurinn vill sjá sannleikann og opinbera hann á tónleikum.

Fyrir þá sem ekki tala spænsku fór þessi sannleikur fyrir ofan garð og neðan. Söngkonan, Marina Abad, sagði allt mögulegt á milli laga, en það var ekki alltaf þýtt. Þýðingarnar voru auk þess á lélegri ensku.

Þetta skipti þó ekki neinu sérstöku máli. Ojos de Brujo er fyrst og fremst gleðisveit, sem byggir á flamenco-tónlist. Við hana blandast ýmsir stílar; reggí, fönk, rokk, hipphopp, bítbox og fleira. Það hefði samt verið gaman að skilja hvað var sagt.

Lagalistinn á tónleikunum var gríðarlega kraftmikill. Það átti greinilega að fá Íslendingana til að dansa strax frá byrjun. Á kynningarvef Listahátíðar segir einmitt að Ojos de Brujo sé „ein af þeim hljómsveitum sem þykja enn betri á sviði en á plötu og smitandi spilageði þeirra gerir það að verkum að allir aldurshópar flykkjast á dansgólfið!“

Nánast hvert einasta atriði var stuðlag. Það var engin stígangi í dagskránni. Hún byrjaði á toppnum og var þar allan tímann. Það virkaði ekki alveg. Neistann vantaði. Sárafáir virkilega töpuðu sér á dansgólfinu, þótt stemningin væri ágæt. Orðrómur er uppi um að hljómsveitin sé í andarslitrunum, flestir meðlimir hennar hyggist róa á önnur mið. Maður hafði á tilfinningunni að hljómsveitin væri búin að spila lögin sín aðeins of oft.

Samt var ekki hægt að kvarta yfir spilamennskunni, öðru nær. Flamenco-sóló-gítarleikurinn var flottur, og söngkonan var glæsileg.

Bandið var prýðilega samtaka, ekkert klúður, ekkert sem mistókst.

Nema kannski hljóðið. Ég var ekki ánægður með hljóminn í Silfurberginu. Mér skilst að þetta sé algerlega dauður salur, sem er fínt þegar rafmögnuð tónlist er annarsvegar. Salur með engri endurómun þýðir að hljóðstjórnir hefur fullt vald yfir „sáandinu“ og getur gert það sem hann vill. Að því gefnu auðvitað að hljóðkerfið sé í lagi. Miðað við alla peningana sem lagðir hafa verið í Hörpu þá trúi ég ekki að hljóðkerfið þar sé lélegt.

Nei, sennilega var hljóðstjórnir

bara ekki nógu góð. Bassinn var leiðinlega mattur; efsta tónsviðið ekki nægilega tært og klingjandi. Hugsanlega hefði mátt skapa örlítið bergmál til að lífga hljóminn. Útkoman á tónleikunum var einkennileg litlaus og óspennandi.

Hér hefði þurft að gera betur.

Jónas Sen

Niðurstaða: Ojos de Brujo spilaði vel, og tónlistin var skemmtileg. Hinsvegar vantaði stígangina í lagalistann og hljóðið í Silfurbergi var ekki nógu gott.



OJOS DE BRUJO Sveitin er ein vinsælasta hljómsveit Spánar og flytur tónlist sem er blanda af flamenco, hipphoppi, rúmbu, reggí og danstónlist.

hp KYOCERA EPSON Canon brother LEXMARK

LAGERHREINSUN Á DUFTHYLKJUM

50 - 90% AFSLÁTTUR! FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR



Óp-hópurinn í Salnum

Óp-hópurinn heldur tónleika í annað sinn í Salnum á þriðjudag. Hópurinn flytur stutt atriði úr ýmsum óperum og leggur



BYLGJA DÍS GUNNARSDÓTTIR

áherslu á léttar sviðssetningar og samsöngleik.

Á efnis-skránni eru atriði úr Sour Angelica eftir Puccini, Carmen eftir Bizet, Aida eftir Verdi,

Spaðadrottningunni eftir Tsjaikóvský og atriði úr íslenskum verkum eftir meðal annars Þórinni Guðmundsdóttur og Jón Ásgeirsson.

Óp-hópurinn samanstendur af þeim Braga Jónssyni, bassa, Bylgju Dís Gunnarsdóttur sópran, Erlu Björg Káradóttur sópran, Hörn Hrafnadóttur mezzó-sópran, Jóhönnu Héðinsdóttur mezzó-sópran, Magnúsi Guðmundssyni barítón og Rósalind Gísladóttur mezzó-sópran, auk Antoníu Hevesi á flyglinum.

Með þeim leikur einnig Gunnar Kristmannsson á klarínnett í einu íslensku verkanna. Leikstjóri að þessu sinni er Jóhann Smári Sævarsson. Tónleikarnir hefjast klukkan 18 og eru klukkutíma langir án hlés. Miðaverð er 1.500 krónur.

GRIFFILL

ALLTAF
ÖDÝRARI

SKEIFUNNI 11



1,2 MILLJÓNIR EINTAKA hafa þegar verið seldar af nýjstu plötu Lady Gaga, Born This Way. Lady Gaga hefur núna selt yfir 15 milljónir eintaka og er átjándi valdamesta manneskjan í tónlistarheiminum að mati breska blaðsins The Guardian.

Stærri brjóst

Alex Rodriguez hafi beðið sína heitelskuðu Cameron Diaz um örlítinn greiða; stærri brjóst.

„Alex hefur sagt við Cameron að hún ætti að íhuga að fá sér stærri brjóst og Cameron er alls ekki mótfallin hugmyndinni. Hann bað líka Kate Hudson um að fá sér ígræðslur,“ var haft eftir heimildarmanni In Touch.



ÁSTIN VEX Diaz gæti fengið sér stærri brjóst.

Bourgeois í Listasafni Íslands

Margt var um manninn í Listasafni Íslands þegar sýningin Kona, sem samanstendur af 28 verkum Louise Bourgeois, var opnuð á föstudagskvöld, en sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík. Bourgeois var ein fremsta listakona heims og á sýningunni getur helst að líta innsetningar og höggmyndir en einnig málverk, teikningar og vefmyndir. Sýningin stendur til 11. september.



Forsætisráðherrafrúin Jónína Leósdóttir var meðal gesta en hún sést fyrir miðju auk Ragnheiðar Ríkhardsdóttur alþingiskonu.



Vigdís Finnbogadóttir flutti stutt ávarp áður en sýningin var opnuð og Halldór Bjarni Rúnólfsson hvílaði að henni nokkrum viskumolum fyrir ræðuna.



Hólmfríður Gunnarsdóttir og Kristín Bjarnadóttir voru meðal gesta.



Ásgeir og Richard létu sig ekki vanta.



Peir Sveinn Ragnarsson og Leifur Sveinsson hlakkaði mikið til að sjá verk frönsku listakonunnar.



Runólfur og Erik mættu í Listasafn Íslands.

EGF HÚDDROPAR

„Kanski er hugmyndin um lítersflösku ekki svo vitlaus.“
Vogue, Þýskalandi

www.sifcosmetics.is

VesturPort
HÚSMÓÐIRIN

NÝR ÍSLENSKUR GLEÐILEIKUR FRÁ VESTURPORTI

ÖLL TRIXIN Í BÓKINNI OG NOKKUR TIL

„Svo fyndin að maður missir andlitið og gapir“

K.H.H. Fréttatíminn E.B. Fréttablaðið

Ósottar pantanir seldar daglega!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Sveinn Rúnar Hauksson og Bjartmar Guðlaugsson litu við. Bjartmar var að sjálfsögðu með gítarinn með sér.

Bankastræti Einars Más kemur út

Nýjasta bók Einars Má Guðmundssonar, Bankastræti núll, kom út fyrir helgi. Einar Már er á sviðuðum slóðum og í Hvítu bókinni, sem fékk lofsamlega dóma og vakti mikla athygli út fyrir landssteina. Einar Már fagnaði útgáfunni ásamt velgjörðarmönnum sínum í verslun Eymundsson við Skólavörðustíg.



Menningarvitarnir Silja Aðalsteinsdóttir og Kolbrún Bergþórsdóttir voru meðal gesta.



Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Söguejunnar Íslands, og Jürgen Boos, framkvæmdastjóri bókamessunnar í Frankfurt, ræddu saman dálitla stund.

Góða kaffið í nýjum umbúðum



Gríptu pakka í næstu verzlun

GEVALIA
ANNO 1920

Það er kaffið

mid.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

FRÁBER SPENNUMYND MED ISLENSKU STÓRSTJÓRNUNNI ANITU BREIM

PAUL

Gnómio Júlía
ISLENSKT TAL 3D

DYLAN DOG
DEAD OF NIGHT

FAST FURIOUS 5

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

DYLAN DOG: DEAD OF NIGHT	8 og 10.10
PAUL	5.50, 8 og 10.10
GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL	5
GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL	5
FAST & FURIOUS 5	7

SAMBÍÓIN

★★★★★ Times out new york

HANGOVER PART II

PESSI MYND Á EFTIR AÐ FÁ ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI

★★★★★

PIRATES OF THE CARIBBEAN ON STRANGER TIDES

Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarvintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffrey Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í víðum kvikmyndahúsum

SMÁRABAKKA	EGILSHÖLL
HANGOVER 2 kl. 5:40 - 8 - 9:10 - 10:20	HANGOVER PART II kl. 3:20 - 4 - 5:40 - 6:20 - 8 - 9 - 10:20 - 11:20
THE HANGOVER 2 LUXUS VIP kl. 5:40 - 8 - 10:20	PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D kl. 4:30 - 5 - 8 - 10
PIRATES 4 kl. 5:30 - 7 (2D) - 8 (3D) - 10 (2D)	SOMETHING BORROWED kl. 7:30
DÝRA FJÖR 3D M/isl. Tali kl. 6 (2D)	THOR 3D kl. 11
SOMETHING BORROWED kl. 5:50 - 8	
FAST FIVE kl. 10:20	KRINGLUNNI
	THE HANGOVER 2 kl. 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20
	PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 6 (3D) - 9 (3D)

AKUREYRI

HANGOVER 2 kl. 8 - 10:20	12
ANIMALS UNITED 1st tal kl. 6	1
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 6 - 9	10

SELFOSS

THE HANGOVER 2 kl. 8 - 10:20	12
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4 kl. 8 - 10:50	10

SAMBIO.IS

tryggðu þér miða á

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐJIS

PIRATES 4 3D	KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11	10
PIRATES 4 3D Í LÚXUS	KL. 5 - 8 - 11	10
PRIEST 3D	KL. 6	16
GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D	KL. 4 - 6	L
FAST FIVE	KL. 8 - 10.40	12
THOR 3D	KL. 10.40	12
RÍO 3D ISLENSKT TAL	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐJIS

DYLAN DOG	KL. 5.40 - 8 - 10.20	14
WATER FOR ELEPHANTS	KL. 5.30 - 8 - 10.30	L
GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D	KL. 6	L
HÆVNI	KL. 5.40 - 8	12
HANNA	KL. 10.20	16
PRIEST 3D	KL. 8 - 10	16

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐJIS

DYLAN DOG	KL. 8 - 10	14
PAUL	KL. 8 - 10	12
FAST FIVE	KL. 5.40	12
GNÓMÍÓ & JÚLÍA 3D	KL. 5.40	L

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA **mid.is**

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

PRÍVDAGSSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ

Tilfinningarík tónlist

Hljómsveitin Vigri sendir frá sér sína fyrstu plötu 2. júní og nefnist hún Pink Boats. Vigri, sem hefur verið starfandi í þrjú ár, spilar tilfinningaríka tónlist með breiðu úrvali hljóðfæra. Vegna skorts á fjármagni til þess að taka plötuna upp í hljóðveri var brugðið á það ráð að taka hana upp í litlum kirkjum víðs vegar um landið. Upptökur hófust í Flateyarkirkju í Breiðafirði haustið 2009 og meðferðis var einn hljóðnemi og gömul fartölva.

Hljómsveitin fékk tilnefningar á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum í vor fyrir tónlistarmyndband sitt við lagið Sleep, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Myndbandið var tekið upp í öskufokinu undir Eyjafjallajökli í fyrra. Sveitin hefur verið dugleg við tónleikahald að undanförunu og er einnig að undirbúa tónleikamynd sem tekin verður upp í sumar.



NÝ PLATA Hljómsveitin Vigri er að senda frá sér fyrstu plötu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Græðir vel á brúðkaupinu

Kardashian-fjölskyldan kann sitt fag þegar kemur að raunveruleikasjónvarpi. Áhorfendur hafa fengið að fylgjast með brasilísku vaxi hjá henni, fæðingu og brúðkaupi. Og hún er hvergi nærri hætt.

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian trúlofaðist nýverið körfuknattleikmanninum Kris Humphries. Þau voru búin að vera saman í sex mánuði og samkvæmt bandarískum slúðursíðum gat Humphries ekki beðið lengur og skelti sér á skeljarnar á heimili Kim í Beverly Hills hinn 18. maí, eftir að hafa dreift rósablöðum um allt baðherbergisgólfið.

Stúlkan játaðist honum um leið, sem betur fer, því trúlofunarhringurinn kostaði litlar tvær milljónir dala. Kim hyggst hins vegar einnig græða duglega á brúðkaupinu sínu og til stendur að sjónvarpsstöðin E! myndi athöfnina. Þetta er engin nýlunda hjá Kardashian-fjölskyldunni því yngri systir hennar Khloé og maðurinn hennar, NBA-leikmaðurinn Lamar Odom, giftust einnig fyrir framan tökuvélarnar.

„Þetta fylgir þessu. Við höfum selt E! sjónvarpsstöðinni sálu okkar,“ segir Kourtney, yngri systir Kim. Sál Kardashian-fjölskyldunnar er ekkert ódýr og talið er að brúðhjónin muni græða á tá og fingri þegar þau segja já við hvort annað. Mark Pasetky, blaðamaður hjá Forbes, hefur þegar spáð því að ljósmyndaréttur að brúðkaupinu eigi eftir að verða seldur á tvær milljónir dala og ofan á þær eigi eftir að bætast við milljón fyrir réttinn á alþjóðavísu.

Samkvæmt vefsíðunni Popeater er ekki víst að Humphries geri sér grein fyrir út í hversu djúpa laug hann er komin, hann hefði þó átt að vita að Kim Kardashian er



OPINBERT BRÚÐKAUP E! sjónvarpsstöðin verður að öllum líkindum viðstödd brúðkaup Kim Kardashian og verðandi eiginmanns hennar, Kris Humphries.

NORDICPHOTOS/GETTY

launahæsta raunveruleikastjarna Bandaríkjanna með um sextán milljónir dala í árslau. Og Kim veit nákvæmlega hvað hún er að gera. „Mig hefur alltaf dreymt um

glæsilegt brúðkaup og ég á sennilega eftir að gera eitthvað stórfenglegt og ýkt. En maður verður líka að passa upp á fjölskylduna því lífið snýst jú um hana.“ - fgg, sm

GusGus-tónleikar í beinni

Útgáfutónleikar hljómsveitarinnar GusGus 18. júní vegna plötunnar Arabian Horse verða sýndir í beinni útsendingu á síðunni Visir.is í samstarfi við Lífið á Vísi. Hitað verður upp fyrir tónleikana á Vísi með birtingu gamla myndbanda með GusGus. Tónleikarnir verða haldnir á Nasa, heimavelli GusGus, þar sem mikið verður um dyrdir með tilheyrandi ljósaýningu. Miðasala á tónleikana hefst á mánu-

daginn. Arabian Horse hefur fengið mjög góða dóma, þar á meðal í Fréttablaðinu þar sem hún fékk fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Þar voru söngvararnir Högni Egilsson, Daníel Ágúst og Urður Hákonardóttir sögð stela senunni með frábærri frammistöðu.

BEINT Á VÍSI Útgáfutónleikar GusGus á Nasa verða í beinni útsendingu á Visir.is

MYND/ARI MAGG



BÍÓ PARADÍS BAR & CAFE

INCENDIES	18:00, 21:00
HUR MANGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN?	18:00, 20:00, 22:00
OKKAR EIGIN OSLÓ	18:00
ROUTE IRISH	18:00, 22:10
MAÐUR EINS OG ÉG (MED ENSKUM TEXTA)	18:00
ENGLAR ALHEIMSINS (MED ENSKUM TEXTA)	20:00
KÖLD LÖB (MED ENSKUM TEXTA)	22:00

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS

ELDUR INCENDIES

Lífið ER LEKSVÍÐ!

Fær ekki að giftast

Popp-prinsessan Britney Spears þráir ekkert heitar en að giftast kærasta sínum, Jason Trawick, og eignast með honum börn. Hún fær þó ekki ósk sína uppfyllta því föður hennar, Jamie Spears, finnst þessi áform hennar ekki tímabær.

Jamie Spears hefur farið með forræði yfir dóttur sinni allt frá því hún dvaldi tímabundið á geðdeild. „Jamie skilur að Britney elski Jason og vilji eignast með honum börn. Honum finnst hún þó enn of tæg á geði til að takast á við þá ábyrgð,“ var haft eftir innanbúðarmanni, sem bætti því við að Britney hefði tjáð Jason að hana langaði í þrjú börn.



VILL GIFTAST Britney Spears vill giftast kærasta sínum, Jason Trawick, en fær ekki leyfi til þess. NORDICPHOTOS/GETTY

Love hefur áhyggjur af Lady Gaga

Courtney Love sagði í viðtali við vefmiðilinn The Fix að Lady Gaga væri skríttin, kynlaus barbíúkka.

Love sagðist hafa áhyggjur af Gaga og þá sérstaklega félagskapnum sem hún er í. Hún sagði að Gaga myndi hafa gott af því að eiga fleiri vinkonur í stað fylgiliðsins sem hún kallar Haus of Gaga.

„Henni gengur kannski vel í dag, en ég hef áhyggjur af framtíð hennar,“ sagði Love. „Hún er mjög ung og mjög hæfileikarík en hún

virðist ekki eiga neinar vinkonur. Hún á ekki heldur neina gagnkynhneigða vini, ef út í það er farið. Í staðinn hefur hún safnað í kringum sig samkynhneigðum stílistum sem hafa breyt henn í þessa skríttu, kynlausu barbíúkku.“

Love bætti við að hún hefði reyndar sjálf verið alin upp af homma og að það hefði ekki haft slæm áhrif á sig. „En hún passar sig ekki breytist hún í einmana dragdrottningu. Karlmenntunna ekki að meta það.“



ÁHYGGJUFULL Courtney Love segir að Lady Gaga verði að passa sig á samkynhneigðum stílistum.

Úr að ofan á tónleikum

Rokkarinn Lenny Kravitz gefur út níundu hljóðversplötu sína, **Black and White America**, í ágúst. Fyrsta smáskífulagið nefnist **Stand** og kemur út 6. júní. Til að fylgja plötunni eftir ætlar Kravitz í tónleikaferð um Evrópu síðar á þessu ári. Kravitz hitaði síðast upp fyrir U2 á 360 gráðu tónleikaferð hennar, sem er sú tekjuhæsta sem sögur fara af. Þrátt fyrir að vera orðinn 47 ára ætlar hann ekki að hika við að fara úr að ofan á tónleikum. „Ég fer stundum úr bolnum uppi á sviði eða þegar ég er á Bahama-eyjum. Ég er ekki vanur að vera í miklum fötum,“ sagði hann.



NÝ PLATA Lenny Kravitz gefur út sína níundu hljóðversplötu í ágúst.



SNÚA AFTUR Jarvis Cocker og félagar í Pulp ætla að snúa aftur í sumar.

Dauði vinar hafði áhrif

Breska hljómsveitin Pulp hefur ákveðið að koma aftur saman og spila á tónlistarhátíðum í sumar eftir níu ára hlé. Dauði náns vinar hljómsveitarinnar átti stóran þátt í endurkomunni. „Ég held að það hafi átt stóran þátt í þessu. Maður áttar sig skyndilega á því að það er ekki hægt að taka neinu sem sjálfsögðum hlut,“ sagði forsprakinn Jarvis Cocker. Gítarleikarinn Mark Webber bætti við: „Ég hélt alltaf að við myndum koma aftur saman en þegar hann dó áttaði ég mig á því að kannski ættum við að nýta tækifærið núna.“

DO YOU THINK YOU CAN DANCE?

SjóðHeitt Dansfestival í SUMAR!

Lil' C & Legacy



Sérkjör fyrir VILD
allt fyrir áskrifendur

DansStjarnan LEGACY: keppandi úr þáttunum, dansaði & lék í dansvikmyndinni Step Up 3D. Kennir Break og Hip hop.



Dómariinn LIL' C: Meðal heitustu danshöfunda í L.A., dómari þáttanna og Guðfaðir Krumpsins. Danshöfundur Madonna "Sorry" og Missy Elliott. Dansað og leikið í tónlistarmyndböndum: Jennifer Lopez, Madonna, Ciara, Christina Millian, Missy Elliott, Sean Paul. Danshöfundur American Music Awards. Lék í Honey, You Got Served, Step Up 3D, Step Up 2, Stomp The Yard og fjölda annarra.

Einungis helgina 3.-5. júní í REYKJAVÍK – KÓPAVOGI - GARÐABÆ!!!

Lærðu af þeim bestu í SJÓÐHEITUM DANSTÍMUM og fáðu ÚTRÁS fyrir DansGleðinni í sumar!

Opnar Dansprufur fyrir glæsilega sýningu í lokin!

DansGleði í sumar hefst 14.júní!

Vertu með frá byrjun og komdu þér í glimrandi form fyrir sumarið fjöldi 10 vikna námskeiða í boði - kröftugir tímar við nýjustu danstónlistina!

REYKJAVÍK - KÓPAVOGUR - GARÐABÆ
Sumarnámskeiðin verða haldin í glæsilegri aðstöðu:

REYKJAVÍK – PRÓTTI, Próttur, Engjavegi 7
KÓPAVOGUR HK, Vallarhúsið Fagralundi
GARÐABÆ – SJÁLANDSSKÓLA, Löngulínu 8.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!
dancecenter.is

Skráning á Dansfestivalið og Sumarnámskeið fara fram á dancecenter.is. Nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á dancecenter@dancecenter.is eða í síma 777 3658 hjá DanceCenter Reykjavík.

NÝTT!
Jazzfunk | Street | Hip hop | Freestyle | Break
Barnadansar | Modern | Ballett | PowerYoga

DÖNSUM svo lengi sem lifum!
Aldur: 3-4 ára, 5-6 ára, 7-9 ára,
10-12 ára, 13-15 ára, 16-19 ára,
20-24 ára, 25-35 ára, 35+






Danslið þáttanna kemur séstaklega á vegum:



www.dancecenter.is




já - er svarið







PÁLMI RAFN PÁLMASSON og Björn Bergmann Sigurðarson skoruðu báðir tvö mörk fyrir lið sín í norska fótboltanum um helgina, Pálmi í 4-2 útsigri Stabæk á Start og Björn í 4-2 sigri Lilleström á Sarpsborg. Veigar Páll Gunnarsson skoraði eitt mark Stabæk og hefur því skorað 7 mörk í 9 leikjum á tímabilinu. Sara Björk Gunnarsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir voru báðar á skotskónum í Svíþjóð, Sara í 5-0 sigri Malmö á Dalsjöfor en Margrét Lára í 1-3 tapi Kristianstad fyrir Umeå.

ÚRSLIT Í GÆR

Vínáttulandsleikur í handb.

Ísland - Svíþjóð 20-22 (10-11)

Mörk Íslands (skot): Rákel Dögg Bragadóttir 6/2 (12/4), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (5), Rut Jónsdóttir 3 (4), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2 (5/1), Stella Sigurðardóttir 2 (2), Brynja Magnúsdóttir 2 (0/2), Karen Knútsdóttir 1 (2), Rebekka Skúladóttir 1 (1), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (1).

Varin skot: Jenný Ásmundsdóttir 18 (40/4, 45%)

Mörk Svíþjóðar (skot): Isabelle Gullén 8/4 (20/4), Jamina Roberts 3 (5), Annika Fredén 2 (2), Anna-María Johansson 2 (3), Therese Helgesson 2 (7), Jessica Helleberg 2 (3), Matilda Bosen 1 (4), Angelica Wallén 1 (2), Kristina Flogman 1 (1).

Varin skot: Cecilia Grubbström 14/2 (34/3, 41%).

Örninn Golf mótið

KARLAR

1. Axel Bóasson, GK -7
2. Arnar Snær Hákonarson, GR Par
3. Stefán Már Stefánsson, GR +2
4. Helgi Birkir Þórisson, GSE +3
4. Örvar Samúelsson, GA +3
6. Haraldur Franklín Magnús, GR +5
7. Hlynur Geir Hjartarson, GOS +6
7. Sigmundur Einar Másson, KKG +6
7. Sigurjón Arnarsson, GR +6
10. Örn Evar Hjartarson, GS +7

KONUR

1. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, GK +4
2. Signý Arnórsdóttir, GK +6
3. Valdís Þóra Jónsdóttir, GL +8
3. Heiða Guðnadóttir, GKj, +8
5. Nína Björk Geirsdóttir, GKj. +9
6. Sunna Víðisdóttir, GR +11
7. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, +12
8. Ingunn Gunnarsdóttir, KKG, +14
8. Ragnhildur Sigurðardóttir, GR, +14
10. Ragna Björk Ólafsdóttir, GK, +15

Stelpurnar stóðu í silfurliðinu

Íslenska kvennalandsliðið tapaði, 22-20, fyrir Svíum í vínáttulandsleik í Vodafone-höllinni í gær. Guðný Jenný Ásmundsdóttir átti stórleik í íslenska markinu en það dugði ekki til. „Ég er bara hundfúll að hafa ekki náð að vinna þennan leik,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari Íslands.

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið tapaði, 22-20, gegn Svíþjóð í Vodafone-höllinni en leikurinn var hluti af undirbúning liðsins fyrir umspilsleikina gegn Úkraínu í næstu viku.

Jafnræði var á með liðunum allan leikinn og skiptust þau á að hafa eins til tveggja marka forystu. Svíar voru skrefinu á undan síðustu tíu mínútur leiksins og náðu að innbyrja sigur. Rákel Dögg Bragadóttir var atkvæðamest fyrir Ísland með sex mörkum og Guðný Jenný Ásmundsdóttir var frábær í markinu og varði 18 skot. Isabelle Gullén skoraði 8 mörk fyrir Svía auk þess sem hún stjórnaði leik gestanna óaðfinnanlega.

„Ég er bara hundfúll að hafa ekki náð að vinna þennan leik,“ sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari Íslands, eftir tapið í gær.

„Leikurinn var jafn nánast allan tíman, en um miðbik síðari hálfleiksins náðum við að komast yfir og áttum fínan möguleik á því að vinna leikinn. Stelpurnar gerðu sig sekar um of mörg tæknimistök og þær hefðu átt að skjóta betur á markið á köflum, en það erfitt á móti jafn góðu liði og Svíþjóð.



Við hefðum þurft að fá mun fleiri hraðauppþrúgning hér í dag. Varnarleikurinn hjá okkur var heilt yfir mjög góður og sóknarlega var liðið að sýna nokkuð fína takta. Það er gríðarlega mikilvægt að fá þessa leiki á móti Svíþjóð fyrir liðið, en þær urðu í öðru sæti á síðasta Evrópumóti og eru með virkilega gott lið,“ sagði Ágúst.

„Það var margt jákvætt í okkar leik en ég hefði viljað sigra,“ sagði Rákel Dögg Bragadóttir eftir leikinn í gær.

„Við eigum alveg góðan möguleika á móti þessu liði og klúðruðum þessu í raun á síðustu fimm mínútum leiksins, þar gerum við of dýrkeypt mistök. Við erum að spila mjög góða vörn allan leikinn og nokkuð agaðan og skipulagðan sóknarleik. Við þurfum að nýta færin okkar betur á móti svona liði og skjóta betur á markið. Markvörðurinn þeirra var okkur erfiður og við þurfum að skoða hana vel fyrir leikinn á morgun.“

- sáþ

SAMEINADAR STOPPUM VIÐ ÞÆR Rákel Dögg Bragadóttir og Stella Sigurðardóttir reyna hér að stoppa hina frábæru Isabellu Gullén. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Barcelona vann Meistaradeild Evrópu í handbolta:

Tvö töp hjá Löwen

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson og lærisveinar hans í Rhein-Neckar Löwen töpuðu báðum leikjum sínum á úrslitalhelgi Meistaradeildarinnar um helgina og þurftu að sætta sig við fjórða sætið í keppninni. Löwen tapaði 28-30 fyrir Barcelona í undanúrslitaleiknum á laugardag og svo 31-33 fyrir þýsku meisturunum í Hamburg í leiknum um um 3. sætið í gær.

Ólafur Stefánsson skoraði 4

mörk í undanúrslitaleiknum en var síðan markahæsti maðurinn á vellinum í leiknum um þriðja sætið, þar sem hann skoraði 7 mörk. Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson fengu bara að spila á móti Hamburg þar sem Guðjón skoraði 2 mörk en Róbert komst ekki á blað.

Spænska liðið Barcelona tryggði sér sigur í Meistaradeildinni eftir 27-24 sigur á Ciudad Real í úrslitaleiknum. - óþj

Ungt Keilisfólk í sviðsljósinu á fyrsta stigamóti sumarsins á Eimskipsmótaröðinni:

Axel og Guðrún Brá góð í gær

GOLF Ungt Keilisfólk, Axel Bóasson og Guðrún Brá Björgvinsdóttir, fagnaði sigri á fyrsta stigamóti sumarsins á Eimskipsmótaröðinni sem fram fór á Garðavelli á Akranesi um helgina.

Axel Bóasson fagnar tvítugsafmæli sínu í næstu viku og hann hélt upp á afmæli sitt með videigandi hætti. Axel lék frábærlega um helgina og lék hringina tvo á sjö höggum undir pari. Hann var öruggur sigurvegari á mótinu og lék alls á sjö höggum betur en Arnar Snær Hákonarson úr GR sem varð í öðru sæti. Axel endaði í 10. sæti á stigalistanum á Eimskipsmótaröðinni í fyrra og er þetta fyrsti sigur hans á stigamótaröðinni.

Stefán Már Stefánsson úr GR varð í þriðja sæti

en hann var með eins högg forskot á Axel eftir fyrri daginn þar sem hann lék á fimm höggum undir pari. Stefán Már lék hins vegar á sjö höggum yfir pari í gær. Guðrún Brá

